


SHALDÖR  
skoðun 16



2 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Fasteignir.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

3. janúar 2011  
1. tölublað 11. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



## Kraftmikið starf

Alliance Française fagnar aldarafmæli á árinu.

tímamót 24

## Stjórnur framtíðar

Alexander Briem, Atli Óskar Fjalarsson og Haraldur Ari Stefánsson eiga hugi og hjörtu íslenskra ungmenna.

fólk 38




## Trúði þessu varla

Gylfi Þór Sigurðsson kominn með nýjan þjálfara hjá Hoffenheim.

íþróttir 32

## veðrið í dag



**KÓLNAR Í VEÐRI** Í dag ríka norðlægar áttir, víða 8-15 m/s en heldur hægari SA-til. Norðantil má búast við eljum, NA-lands snjókomu en annars verður bjart með köflum. Vægt frost N-til.

VEÐUR 4

# Ísfirðingum ekki greint frá eiturgufum frá sorpbrennslu

Eiturefnið díoxín mældist 20 sinnum hærra en viðmiðunarmörk gera ráð fyrir í útblæstri frá sorpbrennslunni Funa á Ísafirði árið 2007. Páverandi bæjarstjóri á Ísafirði segir að allar mælingar hafi verið kynntar opinberlega.

**UMHVERFISMÁL** Sorpbrennslustöðin Funi á Ísafirði var í sjö ár undanþegin ströngum reglum um losun eiturefnisins díoxín. Efnið, sem mældist í mjólk á bæ í næsta nágrenni við sorpbrennsluna í desember, er krabbameinsvaldandi og eitt það eitradasta í náttúrunni.

Aðeins ein mæling á díoxíni í útblæstri sorpbrennslunnar hefur verið gerð síðan reglurnar voru innleiddar hér á landi. Mælingin, sem var gerð 2007, sýndi að losunin var rúmlega tuttugu sinnum meiri en viðmiðunarmörk reglugerðarinnar fyrir nýjar stöðvar segir til um.

Sigríður Kristjánsdóttir, deildar-

stjóri hollustuverndarsviðs Umhverfisstofnunar, veit ekki til þess að fólk á Ísafirði hafi verið greint frá því á þessum tíma að reykur frá sorpbrennslunni inniheldi mengunarefni.

Pétur Tryggvi Hjálmarsson, silfursmiður á Ísafirði, sem lengi hefur gagnrýnt sorpbrennsluna, útilokar með öllu að niðurstaða mælingarinnar hafi verið kynnt sérstaklega. Steingrímur Jónsson, bóndi á Efri-Engidal, þar sem díoxínið mældist í mjólk, lýsti áhyggjum af framtíð sinni og heilsu í Fréttablaðinu á fimmtudag. Hann hefur árum saman talið reykingu skaðlausan.

Sigríður segir að þegar Evróputilskipun um brennslu úrgangs var innleidd árið 2003 hafi starfandi sorpbrennslur fengið aðlögunartíma að kröfum reglugerðarinnar og því fengið undanþágu. Sett var skilyrði um að díoxín yrði mælt einu sinni, en sorpbrennslurnar þyrftu ekki að uppfylla strangar kröfur reglugerðarinnar fram að þeim tíma eða síðar. Eftir mælinguna átti að endurskoða undanþáguna. Sigríður segir þá vinnu standa yfir í samstarfi við Eftirlitsstofnun EFTA og fleiri aðila.

Varðandi díoxínmælinguna hjá Funa segir Sigríður að hún hafi

verið gerð fjórum árum eftir að Evróputilskipunin var innleidd hér. Niðurstaðan var að díoxínið frá Funa var rúmlega tuttugu sinnum hærra en viðmiðunarmörk fyrir nýjar stöðvar í reglugerðinni.

Páverandi bæjarstjóri á Ísafirði kannast ekki við að bærinn hafi látið undir höfuð leggja að greina frá mælingum hjá Funa.

„Ég man ekki betur en að mælingar hafi verið gefnar út jafnóðum. Upplýsingum sem komu á mitt borð var ekki stungið undir stól,“ segir Halldór Halldórsson.

Sorpbrennslunni Funa var lokað nú um áramótin. -sh



**NOKKRAR MEÐ ÖLLU** Fjöldi fólks lagði leið sína á Bæjarins beztu í gærdeg en biðraðir mynduðust við pylsuvagninn í Tryggvagötu fram eftir degi. Miklar annir eru oft á skyndibitastöðum eftir stórhátíðir enda eru margir þá orðnir leiðir á margbrotnum veislum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Bílnúmerauppboð í Kína: Reynt að hægja á offjölgun bíla

**KÍNA, AP** Kínversk stjórnvöld reyna nú að hægja á fjölgun bifreiða í höfuðborginni Peking með nýju skráningarkerfi, sem takmarkar nýjar skráningarplötur við 20 þúsund á mánuði.

Síðdegis í gær höfðu 53 þúsund manns sótt um skráningarplötur, og verður dregið úr umsóknum hinn 25. janúar.

Í hverjum mánuði verður síðan efnt til nýs happdrættis, þar sem 20 þúsund bílnúmer verða dregin út. Í ár verður því heimilt að skrá alls 240 þúsund nýja bíla í borginni, en það er einungis þriðjungur þess sem leyft var á síðasta ári.

Bifreiðum í höfuðborginni hefur fjölgað úr 2,6 milljónum árið 2005 upp í 4,7 milljónir nú.

Álagið á gatnakerfi borgarinnar hefur aukist mikið á síðustu árum og óttast stjórnvöld að í algert óefni stefni. -gb

Strákarnir okkar í handboltalandsliðinu hefja undirbúning sinn fyrir HM í dag:

## Erfið leið bíður landsliðsins

**HANDBOLTI** Íslenska handboltalandsliðið kemur saman til æfinga í dag fyrir HM í Svíþjóð en fyrsti leikurinn er á móti Ungverjum eftir ellefu daga. Strákarnir munu spila tvo æfingaleiki við Þjóðverja í Laugardalshöllinni á föstudag og laugardag áður en þeir fljúga til Svíþjóðar.

„Það er alltaf gaman að hitta strákana í landsliðinu. Það er allt öðruvísi að mæta á æfingar



ARNÓR ATLASON

fyrir svona mót en á venjulega æfingu. Menn eru búnir að fá smá frí þannig að við hlökkum til að byrja,“ sagði Arnór Atlason, hetja íslenska liðsins á EM í Austurríki í fyrra.

„Okkar bíður erfið leið. Það er mikilvægt fyrir okkur að byrja vel og taka stig með okkur í þennan milliriðil sem verður svakalegur. Fyrstu sjö sætin gefa sæti í undankeppni Ólympíuleikanna og það er það sem maður horfir alltaf á,“ sagði Arnór.


Heimsmeistarakeppnin verður að þessu sinni í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.

- óój / sjá íþróttir á síðu 32



Smáralind

Útsalan er hafin



skiptibokamarkadur.is

- fyrir framhalds- og háskólanema





Sæmundur, þurfið þið ekki bara að fá hnapp sem skýtur farþegunum út?

„Nei, það væri aðeins of langt gengið. Ég held að menn vilji ekki eiga á hættu að fjúka beinlínis út.“

Sæmundur Kr. Sigurlaugsson er framkvæmdastjóri Hreyfils. Bílarnir á á stöðinni eru búnir öryggishnappi fyrir neyðartilfelli og nokkrir eru með eftirlitsmyndavél. Næst verður afgreiðsluferfið GPS-vætt þannig að alltaf sést hvar bílarnir eru.

Eldur í farþegaþotu:

## Fjórtán þotum lagt til öryggis

**RÚSSLAND, AP** Fjórtán rússneskar farþegaþotur af gerðinni Tu-154B hafa verið teknar úr notkun í Rússlandi meðan rannsókn stendur yfir á sprengingu sem varð í hreyfli einnar slíkrar vélar á nýjárásdag.

Eldur kom upp í vélinni þegar verið var að búa hana undir flugtak á flugvelli í Surgut í vestanverðri Síberíu.

Flestir farþegar komust út úr vélinni, en þrír létu lífið og 43 særðust. - gb

Tvær líkamsrásir í borginni:

## Í lífshættu eftir höfuðhögg

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður um þriðugt er í lífshættu á gjörgæsludeild Landspítalans eftir líkamsrás sem hann varð fyrir á Laugaveginum aðfaranótt sunnudags. Árásarmaðurinn, 26 ára karlmaður, er í haldi lögreglu en yfirheyrslur stóðu enn yfir þegar blaðið fór í prentun. Svo virðist sem fórnarlambið hafi verið slegið fyrirvaralaust í höfuðið þannig að það féll í götuna.

Ráðist var á annan karlmann í miðborg Reykjavíkur á nýárs-morgun en hann var útskrifaður af gjörgæsludeild í gær. Árásarmaðurinn, sem sparkaði meðal annars í höfuð mannsins, er enn ófundinn. - jma

### SÍLE

#### Harður jarðskjálfti

Jarðskjálfti, sem mældist 7,2 stig, varð í gærkvöld skammt úti af strönd Síle, um 95 kílómetra norðvestur af borginni Temuco. Ekki var talin nein hættu á flóðbylgu og ekki höfðu borist fréttir af manntjóni eða eignaskemmdum þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Ungir samleigjendur á Akureyri sluppu naumlega með skrekkin í eldsvoða árla dags í gær:

# Reis upp en hneig niður undan reykhnum

**LÖGREGLUMÁL** Þrír menn og kona á þrítugsaldri sluppu heil þegar eldur kom upp í kjallara þriggja hæða einbýlishúss á Akureyri í bitíð í gær.

Klukkan var tuttugu mínútur yfir sjö um morguninn þegar Steinþór Stefánsson gekk framhjá húsinu á Eiðsvallagötu 5. Ekki náðist tal af Steinþóri í gær en að sögn lögreglumanns heyrði Steinþór í reykskynjara og sá síðan reyk koma út um glugga. Hann barði þá húsið að utan og náði að vekja tvo íbúa sem náðu síðan að vekja aðra tvo. Þessir tveir fyrstu náðu að komast sjálfir út en slökkviliðsmenn sóttu þar

á efstu hæðinni. Pilturinn þar hafði þá rumskað en hniðið niður undan miklum reyk er hann reyndi að rísa á fætur.

Lögreglumaðurinn segir eld hafa verið í hillu í kjallara hússins þegar að var komið og vel hafi gengið að ráða niðurlögum hans. Tveir piltar sem eru með herbergi í kjallaranum voru ekki heima þessa nótt.

Íbúarnir í Eiðsvallagötu 5 eru vinahópur á bilinu 20 til 24 ára sem leigir húsið saman. Ungu mennirnir og konan sem voru heima fengu aðhlyningu á sjúkrahúsi við vægri reykeitrun. Þau voru slegin yfir

atburðinum. Húsið er óíbúðarhæft í augnablikinu vegna reyksins, sem meðal annars stafaði af uppblásanlegri plastsundlaug. Óvíst er um eldsupptökin.

„Það er mesta mildi að þessi maður var þarna á ferðinni. Hann brást hárrétt við og stóð sig mjög vel,“ segir lögreglumaðurinn á Akureyri, sem biðst undan því að nafn hans komi fram. - gar

**EIÐSVALLAGATA 5** Maður sem leið átti um Eiðsvallagötu á Akureyri í gær forðaði sofandi ungmennum frá stórslysi.

MYND/DANIEL GUBMUNDSSON



# Vinkonur leggja 353 milljónir í sundlaug

Með samþykkt lokauppgjörs vegna byggingar sundlaugar á Hofsósi er ljóst að endanlegt gjafaframlag Lilju Pálmadóttur og Steinunnar Jónsdóttur til mannvirkisins verður 353 milljónir króna. Sveitarfélagið greiðir 17 milljónir.

**SVEITARSTJÓRNIR** Samkomulag hefur náðst milli Skagafjarðar annars vegar og vinkvennanna Lilju Pálmadóttur og Steinunnar Jónsdóttur hins vegar um lokauppgjör vegna sundlaugar á Hofsósi sem Lilja og Steinunn færðu sveitarfélaginu að gjöf.

Samkvæmt upplýsingum frá Margeiri Friðrikssyni, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs Skagafjarðar, nemur heildarfjárhæð gjafar Lilju og Steinunnar 353 milljónum króna. Það segir Margeir vera einstakt.

Óvissa hefur hins vegar verið með lokauppgjör vegna tæplega 41 milljónar króna sem stendur út af, að mestu vegna verðbóta á verk-tímanum og búnaðar sem sveitarfélagið sjálft vildi bæta við sundlaugina.

Guðmundi Guðlaugssyni, fyrrverandi sveitarstjóra, var falið að ganga frá samkomulagi við Lilju og Steinunni. Í greinargerð Guðmundur með tillögu að lokauppgjöri kemur fram að við verklok hafi ekki verið augljóst hvernig tülka bæri einstök atriði samnings frá því í júní 2007 um gjafagjörninginn. Eins hafi í veigamiklum atriðum ekki verið farið eftir umsömdum fyrirkomulagi.

Ekki má tülka það sem hér er fram sett að neinu leyti í þá veru að í felist vottur af vanþakklæti.

**GUBMUNDUR GUBLAUGSSON**  
FYRRVERANDI SVEITARSTJÓRI SKAGAFJARÐAR

„Sú staða gerir það að verkum að erfitt er að segja til um nákvæmlega hver hámarksfjárhæð gjafar á að vera samkvæmt samkomulaginu og þar með greiðslu allra eftirstöðva kostnaðar og með því klára verkið. Þegar nálgadist verklok tók sveitarfélagið yfir greiðslu alls kostnaðar við að ljúka framkvæmd, að frágengnu samkomulagi við gefendur þar um í ljósi ofangreindrar óvissu. Hefur því safnast upp verkkostnaður hjá sveitafélaginu sem aðilar hafa átt viðræður um að undanförun hvernig með skuli fara,“ útskýrir Guðmundur.

Lilja og Steinunn lýstu sig reiðubúnar að greiða 15 milljónir af fyrrnefndri 41 milljón. Þær vísuðu einnig í mat tæknilegs ráðgjafa sem taldi hönnunarkostnað of háan. Því segist Guðmundur ósammála en samkvæmt samkomlagi sem nú hefur náðst munu Lilja og Steinunn fá þá uppæð sem hugsanlega fellur til vegna lækkunar á hönnunarkostnaði. Þá mun sveitarfélagið greiða 16,8 milljónir króna en Lilja og Steinunn 21,1 milljón, takist að fá hönnunarkostnaðinn lækkaðan um 3 milljónir króna.

„Vil ég taka það skýrt fram að ekki má tülka það sem hér er fram sett að neinu leyti í þá veru að í felist vottur af vanþakklæti þegar horft er til hinnar höfðinglegu gjafar,“ segir Guðmundur Guðlaugsson í greinargerð sinni um lyktir málsins. gar@frettabladid.is

**SKÓFLUSTUNGA TEKIN** Forstetahjónin voru víðstödd þegar fyrsta skóflustungan var tekin að sundlauginni á Hofsósi um miðjan apríl 2009. Frá vinstri Lilja Pálmadóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Dorrit Moussaieff, Sigríður Sigþórsdóttir arkitekt og Steinunn Jónsdóttir.

FRÉTTABLAÐ-  
ID/GVA



Maður fannst heill á húfi:

## Fyrsta útkall ársins 2011

**BJÖRGUN** Maður fannst heill á húfi við Hlíðarvatn um klukkan fjögur í gær. Björgunarsveitir í Borgarfirði og Snæfellsnesi voru kallaðar út um tvöleytið til leitar manni sem var týndur í Hítardal.

Maðurinn hafði farið í fjallgöngu ásamt félagi sínum um hádegisbil og urðu þeir viðskila eftir um klukkustundar göngu. Félaginn gekk til byggða og sótti hjálp. Skömmu eftir að leit hófst náðist símasamband við þann týnda, sem vissi ekki hvar hann var niðurkominn.

Um fjörutíu björgunarsveitar-menn tóku þátt í leitinni, sem var fyrsta útkall á nýju ári. - mmmf



**NÝÁRSNÓTT** Þrír voru lagðir inn á Landspítalann vegna slysa af völdum flugelda.

Erill á slysadeild á nýársnótt:

## Þrjú alvarleg flugeldaslys

**SLYS** Þrír voru lagðir inn á Landspítalann á nýársnótt vegna alvarlegra slysa af völdum flugelda. Einn var lagður inn vegna brunasára og tveir vegna augn-áverka.

Annar þeirra sem hlutu augn-áverka mun hafa verið að bogra yfir skottertu sem ekki kviknaði í við fyrstu tilraun. Skyndilega hljóp skot úr tertunni og í andlit hans.

Mikill erill var á slysadeild á nýársnótt og fjölmargir þurftu aðhlyningu vegna minniháttar flugeldaslysa. - jma

Reykingabann á spænskum veitingahúsum og útisvæðum tók gildi í gær:

# Lögin með þeim strangari

**SPÁNN** Reykingamenn telja margir hverjir síðasta vígið fallið en hinn eiginlega spænski tapasbar, þar sem Spánverjar og aðrir gæða sér á litlum smáréttum milli þess sem þeir söga að sér sigarettureyk, er orðinn reyklus frá og með gærdeginum. Það sama gildir um veitingahús, skemmtistaði, spilavíti, flugvelli og jafnvel svæði utandyra þar í landi. Á bann utandyra við um svæði þar sem börn eru nærri, svo sem nálægt leikvöllum, sjúkrahúsum og skólum.

Löggjöfin um reykingabannið á Spáni er talin ein sú strangasta í Evrópu og spænskir rekstraraðilar veitingahúsa hræðast tekjumissi vegna bannsins. Hóteleigendum er meira í sjálfsveld sett hvort þeir banni reykingar alfarið á hótélum sínum en samkvæmt löggjöfinni er leyfilegt að reykt sé á þrjátíu prósentum af herbergjum hótela.

Um 50.000 dauðsföll árlega má tengja til tóbaksreykinga á Spáni og af þeim sem deyja eru um 1.200 ekki reykingamenn heldur láta þeir lífið af völdum óeinnna reykinga. - jma



**REYKLASIR SPÁNVERJAR** Spánverjar þurfa að laga sig að strangri löggjöf um reykingabann sem tók gildi í gær.

## BAKLEIKFIMI MEÐ SAMBAÍVAFI Í HEILSUBORG



Hádegis- og eftirmiðdagstímar.

Betri líðan í hálsi, herðum og baki undir leiðsögn sjúkráþjálfara.

Upplýsingar og skráning í síma 897 2896 og á [www.bakleikfimi.is](http://www.bakleikfimi.is)

BREIÐU BÖKIN



HEILSUBORG  
Faxafeni 14 • Sími 560 1010  
[www.heilsuborg.is](http://www.heilsuborg.is)

Kringlan

ÚTSALA

Opið til 21  
í kvöld

Mán - mið 10-18:30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000

GENGIÐ 30.12.2010

Table with columns: GJALDMIÐLAR, KAUP SALA. Rows include Bandaríkjadalur, Sterlingspund, Evra, Dönsk króna, Norsk króna, Sænsk króna, Japanskt jen.

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 208,0272 HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stórháskalegt ef hreyfiaflið andspænis áföllum verður reiði, hatur og hefningin:

Biskup hvatti til samstöðu

ÞJÓÐKIRKJAN „Það er stórháskalegt ef hreyfiaflið andspænis áföllum um þjóðlífsins verður hin óhelga þrenning: reiði, hatur og hefningin.“ sagði Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, í nýárspredikun sinni.

Karl benti á að á árinu sem leið hefdum við verið óþyrmilega minnt á varnarleysi okkar gagnvart ógnarkröftum náttúrunnar.

að vera okkur Íslendingum í blóð borin, vera órofa þáttur í grunn-sögu okkar. „Hin kristna saga sem mótað hefur uppeldi og menningu og kynslóða er sagan um það hvernig við sjáum okkur sem einstaklingar og þjóð í átökum náttúruafllanna í þessu landi, á bandi lífsins í baráttu við eyðingaröflin ógn og hel.“

Karl hvatti þjóðina til þess að taka höndum saman í sátt og samstöðu til uppbyggingar samfélags og menningar, gagnkvæmrar virðingar, heilinda og trausts.



BISKUP ÍSLANDS Hvetur landsmenn til gagnkvæmrar virðingar og trausts.

Nornir í Rúmeníu ósáttar: Sleppa ekki við skattinn lengur

RÚMENÍU, AP Vinnulöggjöfinni í Rúmeníu hefur verið breytt þannig að nú telst það viðurkennt starf að lögum að vera norn.

Þetta er gert til þess að hægt verði að skattleggja nornir. Ein þeirra, Bratarar að nafni, hefur þegar hótad hefndar-aðgerðum.

Auk nornastarfsins verða nú stjórnuspekingar, líksmurningarmenn, einkabjónar og öðukennarar að fara að telja tekjur sínar fram til skatts.

- gb

Færi flugeldar sprengdir: Styrkur svifryks undir mörkum

HEILBRIGÐISMÁL Líklegt er að borgarþúar hafi skotið upp færri flugeldum en undanfarin ár, þar sem styrkur svifryks í Reykjavík mældist undir heilsuverndarmörkum fyrsta dag ársins.

Styrkur svifryks á miðnætti mældist hæstur á mælistöðvum 353 míkrogrömm á rúmmetra við Grensásveg og 226 við Blesugróf á miðnætti. Heilsuverndarmörkin á sólarhring eru 50 míkrogrömm.

Til samanburðar má nefna að styrkur svifryks í Reykjavík mældist á nýársnótt 2010 hæstur 2.185 míkrogrömm á rúmmetra á mælistöð við Grensásveg.

Netanjahú við Abbas: Til í viðstæðu-lausar viðræður

ÍSRAEL, AP Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, segist reiðubúinn til að setjast niður með Mahmoud Abbas, forseta Palestínustjórnar, til friðarviðræðna, og verði ekki staðið upp frá þeim viðræðum fyrr en samkomulag hafi tekist.



BENJAMÍN NETANJAHÚ

Viðræður Ísraela og Palestínumanna sigldu í strand í september, aðeins þremur vikum eftir að þær hófust, þegar ljóst var orðið að Ísraelar töldu sér ekki fært að framlengja bann við framkvæmdum landtökumanna.

Palestínumenn vildu ekki halda áfram viðræðum meðan framkvæmdir stæðu yfir, en nú um helgina sagði Abbas að lítið bæri í reynd á milli. Hægt væri að ná samkomulagi á tveimur mánuðum.

Eistlendingar evruvæðast

Eistland varð um áramótin sautjándra ríki evrusvæðisins, á erfiðleikatímum í sögu evrunnar. Jafnframt tóku Ungverjar við formennsku í leiðtogaráði ESB og munu gegna formennskunni næsta hálfu árið.

EVROPUMÁL Íbúar Eistlands eru þessa dagana að venjast evrunni, sem tók við af eistnesku krónunni nú um áramótin. Evrurkin eru þar með orðin sautján talsins.

Krónan hefur verið gjaldmiðill Eista síðan landið sagði skilið við Sovétríkin árið 1991. Eistar gengu í Evrópusambandið árið 2004 og var þá stefnt að því að þeir tækju upp evruna mun fyrr, en efnahags-erfiðleikar og mikil verðbólga í kjölfar kreppunnar hafa tafið þau áform.

Kreppan hefur leikið Eista grátt, verr en flest önnur Evrópusambandsríki. Eistar eru engan veginn allir jafn ánægðir með að vera að taka upp evruna einmitt núna þegar erfiðleikar Grikklands, Írlands og fleiri evrulanda hafa stefnt stöðugleika þessa gjaldmiðils í nokkra hættu.

„Evrar tryggir fyrst og fremst öryggi okkar,“ sagði Andrus Ansip forsætisráðherra og gerði lítið úr þeirri óvissu sem evran byggir við núna. „Við erum núna fullgildir meðlimir á stærsta fjármálasvæði heims með öllum þeim skuldbindingum sem því fylgir.“

Angela Merkel Þýskalandskanslari tók í sama streng í áramótaávarpi sínu og fagnaði fjölgun í evruhópnum.

„Þetta snýst ekki bara um peningana okkar – evran er miklu meira en gjaldmiðill,“ sagði hún. „Evrar er grundvöllur velferðar okkar.“

Eistland er fyrst fyrrverandi ríkja Sovétríkjanna til þess að taka upp evruna.

Um áramótin urðu einnig þau tímamót að Ungverjaland, fyrrverandi Austantjaldsríki, tók við formennsku í ráðherraráði Evrópusambandsins.

Stjórnarhættir í Ungverjalandi hafa verið gagnrýndir tölu-

Evran er miklu meira en gjaldmiðill. Evran er grundvöllur velferðar okkar.

ANGELA MERKEL KANSLARI ÞÝSKALANDS



VIKTOR ORBAN Forsætisráðherra Ungverjalands þykir stjórnarsamur í meira lagi.

vert eftir að Viktor Orban tók við sem forsætisráðherra síðastliðið vor. Ríkisstjórn hans hefur fengið þingið til að samþykkja umdeild fjölmiðlalög, sem gera stjórninni kleift að draga fjölmiðla fyrir dómstóla ef fréttir þykja of einhliða. Þá hafa einnig verið sett lög sem takmarka völd stjórnarskrárdómstóls landsins, auk þess sem stjórnin er að reyna að bola seðlabankastjóra landsins úr embætti vegna ágreinings við hann um peningamálastefnu landsins.

Ungverjaland er þó ekki fyrst austantjaldsríkja til að taka við formennsku í ráðinu, því Slóvenía varð fyrst til þess fyrri hluta árs 2008 og Tékkland gegndi síðan formennskunni fyrri hluta árs 2009.



EVVAN KOMIN Á SOVÉTSVÆÐIÐ Eistland varð fyrst fyrrverandi Sovétríkjanna til að taka upp evru.

Forsæti ráðherraráðs og leiðtogaráðs

Ráðherraráðið Formlegt heiti: Ráð Evrópusambandsins Samstarfsvettvangur fagráðherra aðildarríkja. Ráðið er skipað mismunandi ráðherrum eftir því hvaða málefni eru til umfjöllunar, og nefnist til dæmis landbúnaðarráð þegar landbúnaðarráðherrar ríkja koma saman, samgönguráð þegar samgönguráðherrar þeirra koma saman. Alls eru ráðherraráðin tíu.

Leiðtogaráðið Formlegt heiti: Evrópska ráðið Samstarfsvettvangur þjóðarleiðtoga aðildarríkja. Þeir móta stefnu sambandsins og taka allar helstu ákvarðanir.

Hermann van Rompuy er forseti leiðtogaráðsins. Hann tók við því embætti fyrstur manna 1. desember 2009 og gegnir því í þrjú og hálf ár, til 31. maí 2012. Þá verður kosinn nýr forseti, einnig til þriggja og hálfis árs.

BRIDS SKÓLINN Byrjendur... 24. janúar ... 8 mánudagar frá 20-23 Framhald ... 26. janúar ... 8 miðvikudagar frá 20-23

VEÐURSPÁ HEIMURINN Alicante 15°, Basel 4°, Berlin -2°, Billund -1°, Frankfurt -1°, Friedrichshafen 0°, Gautaborg -1°, Kaupmannahöfn -1°, Las Palmas 22°, London 2°, Mallorca 12°, New York 3°, Orlando 21°, Ósló -7°, París 2°, San Francisco 10°, Stokkhólmur -6°

# Verðlækkun á umhverfis- vænum bílum



Margir af vinsælustu bílunum hjá HEKLU stórlækkuðu í verði nú um áramótin vegna breyttra vörugjalda. Markmið breytinganna er að draga úr útblæstri CO<sub>2</sub> frá íslenska bílaflofanum. Því lækka umhverfisvænustu bílarnir frá framleiðendum á borð við Volkswagen, Skoda, Audi og Mitsubishi sem hafa lagt mikið á sig til að draga úr útblæstri CO<sub>2</sub>. Komdu og kynntu þér umhverfisvænni bíla á betra verði.



#### Dæmi um verðlækkun

VW Polo Trendline 1.2 TDI  
~~Verð áður: 2.880.000kr.~~  
Verð nú: 2.290.000kr.  
Verðlækkun: 20,49%

Skoda Octavia Combi 1.6TDI BS  
~~Verð áður: 4.040.000kr.~~  
Verð nú: 3.450.000kr.  
Verðlækkun: 14,60%

Reynslan er góð!



## KJÖRKASSINN



Stöðst þú við áramótaheitið sem þú strengdir síðast?

Já	39,1
Nei	60,1

## SPURNING DAGSINS Í DAG

Skaut þín fjölskylda fleiri flugeldum í ár en í fyrra?

Segði þína skoðun á visir.is



Pyntingar í Úsbekistan:

## Tugir láta lífið vegna pyntinga

**ÚSBEKISTAN, AP** Að minnsta kosti 39 manns hafa látist af völdum pyntinga í fangelsum í Úsbekistan. Þetta fullyrða bandarísku mannréttindasamtökin Human Rights Defenders Group og vitna í upplýsingar bæði frá ættingjum hinna látnu og fyrrverandi fögum.

Fyrir ári fullyrtu samtökin að tuttugu manns hefðu látist af völdum pyntinga í fangelsum í Úsbekistan. Í skýrslu samtakanna segir að lögreglan afhendi ættingjum oft lík hinna látnu í innsigliðum líkkistum, svo ekki sé hægt að opna þær og kanna ummerki pyntinganna. - gb



**MARGIR KOSTIR VIÐ METANBÍLA** Selecta hefur fengið fjóra metanbíl til afnota.

Selecta knýr bíla með metan:

## Spara fé og hlífa umhverfi

**VIÐSKIPTI** Fyrirtækjajónustan Selecta á Íslandi hefur tekið í notkun fjóra nýja metanbíl af gerðinni Mercedes Benz Sprinter frá Öskju. Bílarnir ganga fyrir íslensku metani og vonast aðstandendur fyrirtækisins til þess að slá með því tvær flugur í einu höggi því bílarnir eru bæði umhverfisvænir og ódýrari í rekstri.

Í tilkynningu segir að Selecta stefni að því að umhverfisvæða bílaflota sinn eins og kostur er með því að velja eingöngu bifreiðar sem ganga fyrir umhverfisvænu eldsneyti.

Auk þess að stuðla að minni útblæstri, reiknar Selecta með að árlegur sparnaður af rekstri bílanna sé yfir 200.000 kr. á ári fyrir hvern bíl ef einvörðungu er ekið á metani. - bj

Forsetinn fjallaði um fátækt, matargjafir og þjóðfund í áramótaávarpi sínu:

## Biðraðir eftir mat eru smánarblettur

**BESSASTADIR** Fátækt og matargjafir var meðal þess sem forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, gerði að umtalsefni í áramótaávarpi sínu.

„Efnahagskreppan, hrúnið sem við nefnum svo, hefur þrengt svo að þúsundum Íslendinga að í viku hverri biður fjöldi í röðum eftir matargjöfum,“ sagði Ólafur. „Fátækt hefur að visu fylgt okkur lengi en nú hefur fjárhagsvandi margra, biðraðir eftir mat, orðið að smánarbletti.“ Forsetinn hvatti þjóðina til að sameinast um að afmá þennan smánarblett strax.

Þá ræddi forsetinn um þjóðar-

atkvæðagreiðsluna um Icesave sem hann taldi vitnisburð um hve vel stjórnskipun lýðveldisins virkaði. Hann sagði þjóðfund og kosningu til stjórnlagabings nýjar leiðir til að laða fram vilja þjóðarinnar.

Forsetinn sagði að á þessu ári yrðu þáttaskil. Liðið ár sýndi að þjóðin færi vel með valdið. „Og vonandi ber hið nýja í sér samstöðu um kaflaskil, bjartsýni og betri tíð, umburðarlyndi og virðingu hvert fyrir öðru, ásetning um að aðalsmerki Íslendinga verði vel ferð allra, heilbriggt stjórnarfar, heiðarleiki.“ - mmm



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** „Hví getum við ekki brugðist eins við þegar jarðskjálftar verða í efnahagslífi, jökulhlaup í fjármálum og bankakerfi?“

Svínaflensan berst hratt:

## Ungur sænskur drengur lést

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjö ára drengur lést í Svíþjóð af völdum svínaflensu á laugardag. Sænskir fjölmiðlar hafa sýnt málinu mikla athygli.

Per Hagstam, sænskur sóttvarnalæknir, segir að svínaflensan berist hratt á milli manna og hvetur hann þá sem eiga eftir að láta bólusetja sig til að gera það.

Haraldur Briem sóttvarnalæknir sagði í samtali við Visir.is í gær mjög ólíklegt að flensan næði sama skaða hér á landi og í fyrra en fólk yrði að hafa varann á. - mmm

## Vill sýningarsalina líka í Garðabæinn

Bylting varð í náttúrufræðum við vígslu nýs fræðahúss Náttúrufræðistofnunar í Garðabæ. Vísindasöfn eru geymd við ásættanleg skilyrði í fyrsta skipti í 120 ára sögu. Engin sýningarastaða er til staðar fyrir náttúrugripi þjóðarinnar.

**VÍSINDI** Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, vill að nýtt náttúru-minjasafn rísi við hlið nýrra höfuðstöðva Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) í Urriðaholti. Nýtt glæsilegt húsnæði, sem var opnað formlega um miðjan desember, gjörbyltir starfsumhverfi vísindamanna.

Þar með lauk 120 ára baráttu Náttúrufræðistofnunar fyrir því að geta boðið starfsfólki sínu upp á frambærilega rannsóknaraðstöðu. Þá var hægt í fyrsta skipti að bjóða vísindamönnum og nemendum í náttúrufræðum óheftan aðgang að vísindasöfnum stofnunarinnar til rannsókna. Þetta er meðal þess sem kom fram í máli Jóns Gunnars Ottóssonar, forstjóra NÍ, við vígslu hússins.

Byltingin með nýju húsnæði felst ekki síst í því að umfangsmikil og verðmæt náttúrusýni Náttúrufræðistofnunar eru nú varðveitt við bestu skilyrði. Safnaskálar uppfylla strangar öryggiskröfur. Brunavarnir eru eins og best verður á kosið ásamt nákvæmu eftirliti með loftræstingu, hita og raka.

Hingað til hafa vísindasöfnin verið geymd við bágbornar aðstæður. Þegar flæddi inn í geymslur í Súðavogi í febrúar var það í fimmta sinn á nokkrum árum sem NÍ varð fyrir skakkaföllum af því tagi.

Gunnar styður þá hugmynd heils hugar að Náttúru-minjasafn, sem er sjálfstæð stofnun, flytji líka í

## Geirfugl á floti

Árið 2006 glötuðust yfir tvö þúsund sýni úr vísindasöfnum þegar rafmagn var tekið af frystigeymslu sem stofnunin hafði á leigu og sýnunum fargað að stofnuninni forspurðri. Geirfuglinn, einn verðmætasti safngripur þjóðarinnar, slapp við skemmdir þegar vatn lak inn í sýningarsal stofnunarinnar á Hlemmi, bráðabirgðahúsnæði stofnunarinnar til fimmtíu ára.



**Í URRIÐAHOLTI** Húsið er 3.500 fermetrar að stærð en náttúru-minjasafnið yrði 1.500 fermetra viðbygging samkvæmt frumdrögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Einstök bygging á Íslandi

■ Bygging húss Náttúrufræðistofnunar hófst í október 2009. Arkís hannaði húsið og Ístak var aðalverktaki við bygginguna.

■ Húsið er sérstaklega sniðið utan um starfsemi Náttúrufræðistofnunar. Það er 3.500 fermetrar að stærð.

■ Glerhjúpur setur sterkan svip á bygginguna og er helsta einkenni hennar. Auk þess myndar hann veðurhlíf um bygginguna og tryggir betur virkni náttúrulegrar loftræstingar, jafnvel í verstu veðrum.

■ Hús Náttúrufræðistofnunar er eitt af fyrstu húsum hér á landi til að fá alþjóðlegu BREEAM-umhverfisvottunina. Vottunin tekur til þeirra þátta byggingarinnar sem lágmarka neikvæð umhverfisáhrif hennar og stuðla að sjálfbærni.

■ Rammaskipulag Urriðaholts fékk árið 2007 verðlaun fyrir áherslu á lífsgæði í borgarskipulagi, frá Alþjóðasamtökunum LivCom, sem njóta stuðnings UNEP, Umhverfisstofnunar SP.

Urriðaholtið. „Það er búið að gera frumdrög að húsinu á þessum stað og ég tel að slík aðstaða myndi sóma sér vel við hlið Náttúrustofnunar.“

Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, lagði til á þingi fyrir rúmu ári að náttúru-minjasafn fengi inni í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu og sagði það fráleitt að Íslendingar ættu ekkert slíkt safn. Undir orð hennar tók



**NÝJAR GEYMSLUR** Það fer vel um viðkvæma gripi stofnunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

svavar@frettabladid.is

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og sagði að búið væri að endurvekja hóp sem færi yfir húsnæðismálin í samvinnu ríkis og Reykjavíkurborgar.

Náttúru-minjasafn var lengi starfrækt við Hlemm. Með setningu laga um Náttúru-minjasafn Íslands 2007 lauk hlutverki þess sem sýningar-safns á vegum Náttúrufræðistofnunar. - jss



**TÍNIR UPP SVARTPRESTI** Bæjarstarfsmenn í Beebe höfðu nóg að gera um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Glímt við ráðgátu í Arkansas:

## Þúsund fuglar féllu af himni

**BANDARÍKIN, AP** Meira en þúsund dauðir svartprestar féllu til jarðar í bænum Beebe í Arkansas á gamlárskvöld og fram á nýársdag. Dýrafræðingar vita ekki ástæðuna en hugsanlegt er talið að þeir hafi orðið fyrir eldingu eða hagléli í háloftunum.

Þá hefur einnig verið nefndur sá möguleiki að flugeldar hafi skotið þeim skel í bringu, svo mikinn að þeir hafi hreinlega gefið upp öndina.

Karen Rowe, fuglafræðingur hjá veiðieftirliti Arkansas, segir að sést hafi merki um líkamlegt álag á fuglunum. - gb

Fangauppreisn í Bretlandi:

## Brutu rúður og kveiktu elda

**BRETLAND, AP** Tugir fanga í fangelsi á Suður-Englandi gerðu uppreisn og gengu berserksgang á nýársdag, brutu rúður og kveiktu elda sem tókst ekki að slökva fyrir en síðdegis í gær.

Til þessa hefur ekki þótt ástæða til að hafa stranga öryggisgæslu í þessu fangelsi, sem er skammt frá bænum Arundel, suður af London. Einungis tveir fangaverðir og fjórir aðstoðarmenn þeirra voru við vinnu þegar óeirðirnar brutust út. Kalla þurfti á aðstoð sérsveita til að halda ná tókum á ástandinu.

Stór hluti fangelsins var ónýtur á eftir en enginn virðist hafa meiðst í átökunum. - gb

## BAKLEIKFIMI Í VATNI

BETRI LÍÐAN Í HÁLSI HERÐUM OG BAKI UNDIR LEIÐSÖGN SJÚKRAÞJÁLFA

RÓLEGIR OG KRÖFTUGIR HÓPAR Í HÁDEGINU OG EFTIRMIDDAGA Í NÝLEGRI OG BJARTRI SUNDLAUG VIÐ LAUGARÁS

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 897-2896 OG Á www.bakleikfimi.is

BREIDU BOKIN

Bráðabirgðatölur ríkislögreglustjóra fyrir árið 2010:

## Tæp 15.000 hegningarlaga brot

**LÖGGÆSLA** Skráð hegningarlaga brot hjá lögreglu 2010 voru tæplega fimmtán þúsund talsins, um sjö prósentum færri en árið 2009, samkvæmt bráðabirgðatölum Ríkislögreglustjóra.

Umferðarlaga brotin voru um 54.500 á árinu, sem jafngildir 149 brotum að meðaltali á dag. Þeim hefur fjölgað frá árinu 2005, voru flest árið 2007 en hefur farið fækkaði síðustu ár. Sérreksilaga brot voru tæplega fjögur þúsund talsins, sem er fjölgun frá í fyrra.

Ef lítið er á fjölda brota eftir



**LÖGREGLAN** Hefur haft í nógu að snúast á árinu.

málaflokkum sést að auðgunarbrott, eignaspjöll, skjalafals og

nytjastuldir eru færri en árið 2009. Áfengislagabrot, brot gegn friðhelgi einkalífs, manndráp og líkamsmeiðingar, kynferðisbrot og fíkniefnabrot eru hins vegar fleiri en árið 2009. Alls voru kærð 328 kynferðisbrot á þessu ári sem er tveggja prósentu fjölgun frá síðasta ári.

Á árinu voru þjófnaðir og innbrot 91 prósent allra auðgunarbrota. Skráðir voru 4.903 þjófnaðir og 2.834 innbrot. Tuttugu prósentu fækkun varð á milli ára 2009 og 2010 í þessum brotaflokkum. - jss

20%  
afsláttur

30%  
afsláttur

40%  
afsláttur

50%  
afsláttur

60%  
afsláttur



Ótrúleg BYKO

Útsala

hefst á  
morgun  
kl. 8:00!

LA! ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA!

## VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hver er verjandi Geirs H. Haarde fyrir landsdómi?
- 2 Rússneskur auðjörfur var fyrir dramótin dæmdur í 14 ára fangelsi. Hvað heitir hann?
- 3 Jónsi hélt velheppnaða lokatónleika í Laugardalshöll í liðinni viku. Númer hvað voru tónleikarnir?

## SVÖR:

1. Andri Arnason lögmaður. 2. Mikhail Khodorkovskij. 3. Tónleikarnir voru þeir 99. tónleikarnir.



STRÆTÓ Afsláttur eldri borgara miðast nú við 70 ára aldur.

Hækkanir á gjaldskrá Stræto:

## Stakt fargjald 350 krónur

**SAMGÖNGUR** Fargjöld Stræto bs. hækka í dag um 5 til 25 prósent. Stakt fargjald fyrir fullorðna hækkar úr 280 í 350 krónur en staðgreiðsluverð fyrir hverja ferð er nú það sama fyrir alla, óháð aldri. Börn og ungmenni njóta því aðeins sérstakra afsláttarkjara nýti þau sérstök 20 miða kort og greiða þá 40 krónur fyrir ferðina að 12 ára aldri en ungmenni 12 til 18 ára greiða með því móti 105 krónur fyrir ferðina.

Afsláttur eldri borgara miðast þá nú við 70 ára aldur í stað 67 ára.

- jma

# Ekki færri banaslys í umferðinni í rúm 40 ár

Átta manns létust í umferðarslysum á síðasta ári, sem er það fæsta frá árinu 1968. Margir þættir liggja að baki bættum árangri í umferðaröryggismálum.

**UMFERÐ** Átta einstaklingar létust í bílslysum á árinu 2010. Þetta ár stendur upp úr hvað varðar banaslys því að leita verður aftur til ársins 1968 til að finna ár þar sem jafnfáir létust í umferðinni.

Þó að vissulega liggja ómældur sársauki bak við hvert banaslys er ljóst að ástandið í umferðinni hefur breyst til batnaðar því að undanfarinn áratug hefur fjöldi látinna í umferðinni verið að meðaltali 22 til 23 á ári.

Að mati Einars Magnúsar Magnússonar, upplýsingafulltrúa Umferðarstofu, er erfitt að meta árangur í umferðaröryggismálum út frá banaslysum einum því fjöldinn þar að baki sé það lítill vegna fámennis þjóðarinnar. Það sé því venjan að skoða málið út frá samantölum fjölda látinna og alvarlega slasaðra.

„Ef við hins vegar skoðum aðeins fjölda látinna í samhengi við fjölda íbúa hér á landi höfum við undanfarið séð umtalsverða fækkun, og ef við berum okkur saman við hin Norðurlöndin stefnir í að við séum jafnvel að ná bestum árangri í þeim hópi.“

Einar segir að ekki sé auðvelt að benda á eitt atriði sem þakka megi þessa fækkun banaslysa. „Ég held að það muni um að við sjáum ekki eins mörg banaslys sökum áhættuhegðunar ungra ökumanna.“


Einar telur að það megi þakka löggjöf frá árinu 2007 sem leggur akstursbann við alvarlegum brotum nýliða í umferðinni. „Þetta hefur mikinn fælingarmátt og góð áhrif á nýliðana,“ segir Einar.

„Sá árangur sem náðst hefur á síðustu árum er mörðu að þakka. Kröftugum áróðri, fræðslu, metnaðarfullu ökunámi, aukinni löggæslu, betri bílum og bættu vegakerfi.“

## Banaslys í umferð á Íslandi árið 2010



## Fjöldi látinna í umferðarslysum í áratug



Einar segir þó að lokum að núna megi ekki víkja af leið. „Við getum ekki sparað við okkur í þessum efnunum því að fyrir utan hið tilfinningalega tjón sem þessar hörmungar

valda hleypur efnahagslegur ávinningur þess að útrýma alvarlegum umferðarslysum hér á landi á tugum milljarða.“

thorgils@frettabladid.is

## iPhone-eigendur sváfu vært: Vekjaraklukkan brást á nýju ári

**TÆKNI** Fjölmarginir iPhone-eigendur sváfu yfir sig um helgina eftir að vekjaraklukkan í símunum reyndist biluð. Í yfirlýsingu frá tölvufyrirtækinu Apple segir að vekjaraklukkan hafi ekki virkað 1. og 2. janúar en búist var við að símanir myndu vekja eigendur sína að morgni 3. janúar.

Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem iPhone-notendur kvarta yfir vekjaraklukkunni, en í nóvember kom upp svipuð bilun.

Apple seldi 1,7 milljón eintök af nýjustu gerð símans á þessu ári og hefur selt yfir 50 milljónir af iPhone-símum frá árinu 2007.

Nýyrði tengd Eyjafjallajökli:

## Öskubrennd öskuekkja í öskulest

**SVÍPJÓÐ** Á nýyrðalista sænsku málnefndarinnar fyrir árið 2010 er að finna nokkur orð sem rætur eiga að rekja til eldsumbrotanna í Eyjafjallajökli í vor og áhrifa þeirra á samgöngur í Evrópu. Níu af 53 nýyrðum tengjast gosinu, eða 17 prósent nýyrðanna.

Á lista málnefndar má finna „askebränd“, eða „öskubrenndur“ sem haft er um þá sem orðið hafa fyrir fjárhagstjóni af völdum rökunar á flugsamgöngum í eldgosinu í apríl. „Askstoppad“ eða „öskutepptur“ er þar líka að finna auk orða eins og „öskuekkja/-ekkill“ og „eldfjallaekkkja/-ekkill“, en merking þeirra er sú sama og „grasekkju/-ekkill“ nema hvað að fjarvistir makans eru af völdum gossins í Eyjafjallajökli.

„Asktag“ eða „öskulest“ er svo viðhaft um aukaferðir í lesta-kerfinu vegna þess að flug lá niðri í gosinu. Að auki ræddu Svíar um að einhver væri „inni-askaður“ (inaskad) og um „eldfjallaferðir“ (vulkanresa). - óká



- Lífið heil



Omeprazol Actavis 20 mg

14 stk. Áður: 1.190 kr. Nú: 1.071 kr.

28 stk. Áður: 2.350 kr. Nú: 2.115 kr.

\*Gildir til 10. janúar 2011.

## Lægra verð í Lyfju

www.lyfja.is

ISSENSAUS/DFE289 1210



HREINSUNARADGERÐIR KOSTA MILLJARÐA Flóðin hafa haft áhrif á um tvö hundruð þúsund manns í Queensland. NORDICPHOTOS/AFP

Hamfarir af völdum flóða í Queensland í Ástralíu:

## Tvö hundruð þúsund hafa flúið heimili sín

**ÁSTRALÍA, AP** Rúmlega fertug kona lést þegar flóðbylgja skall á bíl hennar í vesturhluta Queensland fylkis í Ástralíu á laugardag. Lík konunnar fannst um tveimur kílómetrum frá veginum.

Rigningar síðustu viku hafa leitt til mikilla flóða í norðausturhluta Ástralíu og haft áhrif á um tvö hundruð þúsund manns á svæði sem er stærra en Frakkland og Þýskaland samanlagt.

Embættismenn í Queensland töldu að flóðin hefðu gengið yfir helming lands fylkisins. Stytt hefur upp en vatnsborð áa heldur þó áfram að hækka. Þá var miklu

þrumuveðri var spáð í sunnanverðu Queensland-fylki seint í gær.

Alistair Dawson, settur aðstoðarlögreglustjóri í Queensland, sagði að mánuður gæti liðið þangað til landið sem flóðin gengu yfir yrði þurr á ný. Hann bætti við að um þúsund manns byggju í hjálparmiðstöðvum víða um fylkið. „Það er erfitt að segja til um hvort það versta sé að baki. Þetta er einstakur atburður.“

Anna Bligh, forsætisráðherra Queensland, sagði í gær að hreinsunaraðgerðir gætu kostað milljarða dala. - mfm

## Allir í dans

Kennsla hefst laugardaginn 8. jan.

### ZUMBA

Zumba fitness 2x í viku. 8 vikna námskeið

### Samkvæmisdansar

Barna- og unglíngahópar  
Hjóna- og keppnishópar  
Byrjendur og framhald

### Barnadansar

3. - 4. ára

### Break - Freestyle

Barna- og unglíngahópar

### Kennslustaðir:

Haukahraun 1 og Íþróttahús Setbergsskóla, 220 Hafnarf.

Dansíþróttafélag  
Hafnarfjarðar

Haukahraun 1 - Hafnarfjörður - www.dfh.is - dh@dhansidansidid.is

Þú ert hér



Innritun á  
**www.dih.is**  
frá 1. - 7. jan. kl. 13:00 - 20:00  
sími: 565-4027 / 861-6522



## exquisit

- WA-5310  
1000 snúninga þvottavél með stillanlegum vinduhræða
- ✓ Hraðval
  - ✓ Ullarkerfi og handþvottakerfi
  - ✓ Stór hurð
  - ✓ Tekur allt að 6 kg
  - ✓ Framstillt ræsing möguleg
  - ✓ A+/A/C einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindu

5 KG

1000 SN



ÞÚ SPARAR 20.000  
Verð nú 59.900

## Electrolux

- EWf-14631  
Mest seldi þvottavél okkar. Ótúlega lág bilanatiðni. Vél in hlaðin þægindum og nýrri tækni.
- ✓ 1400 sn. stillanlegur vinduhræði
  - ✓ Tekur allt að 6 kg. af taui
  - ✓ Hraðval
  - ✓ Hægt að stilla gangsetningu allt að 20 klst. fram í tímann
  - ✓ Stórt 30 cm hurðarop
  - ✓ Öflugt handþvottakerfi
  - ✓ Tímaskjár
  - ✓ Einföld og þægileg í notkun
  - ✓ A+/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
  - ✓ Verð áður kr 124.900

6 KG

1400 SN

28%



ÞÚ SPARAR 35.000  
Verð nú 89.900



1,43 m

ÞÚ SPARAR 20.000  
Verð nú 54.900



ÞÚ SPARAR 25.000  
Verð nú 34.900

## exquisit

- KGC-270/45  
✓ Kælir 171L og frystir 41L
- ✓ Orkuflokkur A
  - ✓ HxBxD 143x55x58 cm
  - ✓ Verð áður kr 74.900

ÞÚ SPARAR 50%  
Verð nú 24.900

## exquisit

- GS-11A  
✓ 80 lítra frystiskápur
- ✓ Orkuflokkur A
  - ✓ HxBxD 84x55x56 cm
  - ✓ Verð áður kr 59.900

## exquisit

- KS-90A  
✓ 75 lítra kælliskápur
- ✓ Orkuflokkur A+
  - ✓ HxBxD 84x48x44 cm
  - ✓ Verð áður kr 49.900

## AEG

- F-45003 / F-45003M  
Vönduð og hljóðlát AEG uppþvottavél. Fæst í stáli eða hvítu.
- ✓ 6 þvottakerfi þ.á.m. hraðkerfi og þvottakerfi og glasakerfi
  - ✓ 5 hitastig 45-70°C
  - ✓ Án toppplötu
  - ✓ Verð áður kr 134.900/144.900

3x A

47 dB



HVÍT  
ÞÚ SPARAR 35.000  
Verð nú 99.900

STÁL  
ÞÚ SPARAR 30.000  
Verð nú 114.900

## exquisit

- GSP-8009  
Aðeins 45 cm breið uppþvottavél með 6 þvottakerfum og val milli 4 hitastiga
- ✓ 3x A einkunn
  - ✓ Framstillt ræsing möguleg
  - ✓ HxBxD: 85x45x58 cm
  - ✓ Verð áður kr 79.900

3x A

45 cm



ÞÚ SPARAR 20.000  
Verð nú 59.900

Töfrasproti með hakkara og þeytara  
Áður 6.990  
Verð nú 3.490  
AFSLÁTTUR 50%

Hraðsuðukanna 1,7 ltr 2000W  
Áður 4.990  
Verð nú 2.490  
AFSLÁTTUR 50%

200W handþeytari. Hnoðjárn fylgja  
Áður 4.490  
Verð nú 2.490  
AFSLÁTTUR 45%

500W stálblandari með glerkönnu  
Áður 10.490  
Verð nú 5.990  
AFSLÁTTUR 43%

Nákvæm glerþaðvog með stórum skjá  
Áður 4.990  
Verð nú 1.990  
AFSLÁTTUR 60%

Malar ís Glerkanna  
Verð nú 1.990  
AFSLÁTTUR 50%

Hvít brauðrist  
Áður 3.990

# SPARAÐU SVIMANDI UPPHÆÐIR

# ÚTSALA

## HEFST Í DAG!

14 gerðir m.a. pönnuköku-pönnur, grillpönnur & wokpönnur  
Virka á spanhellur. Viðloðunarfrí húð.

# 50%

AFSLÁTTUR AF PÖNNUM

appliance  
AGS-900GIH Frihangandi háfur  
Glæsilega hannaður háfur með bogadregnu glerskyggni og halogen lýsingu

- ✓ 870 rúmmetra sogafköst á klst.
- ✓ Möguleiki á útblæstri eða kolasiu
- ✓ HxBxD: 60-110x90x60 cm
- ✓ Verð áður kr 89.900

Eyjuháfur  
Verð nú 49.900  
ÞÚ SPARAR 40.000  
45%

Electrolux  
ELK-12022HV  
Mjög vönduð eldavél með ekta blástursofni og keramik helluborði

- ✓ Ekta heitur blástur
- ✓ Alls 8 eldunarkerfi
- ✓ Hraðhellur
- ✓ Sjálfhreinsandi ofn
- ✓ Kæld þrigglerjuð hurð
- ✓ 2 plötur, 1 ofnskúffa og 1 grind
- ✓ HxBxD: 85/90x59,5x60 cm
- ✓ Verð áður kr 159.900

Heitur blástur  
Sjálfhreinsandi  
ÞÚ SPARAR 30.000  
Verð nú 129.900

# Rafha

Opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 | Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík Sími 5880500 [www.rafha.is](http://www.rafha.is)



NÆR SÉR Í SNJÓ Þessi fill í dýragarðinum í Berlín naut þess að moka snjó yfir sig með rananum. NORDICPHOTOS/AFP

Auglýsingar Vífilfells um hátíðarappelsín brutu í bága við lög:

## Máttu ekki auglýsa appelsínið

**NEYTENDUR** Vífilfell braut lög með auglýsingum sínum fyrir drykkinn hátíðarappelsín, sem birtust fyrir jól. Þetta er niðurstaða Neytendastofu.

Ólgerð Egils Skallagrímssonar kvartaði yfir markaðssetningu og kynningu Vífilfells á appelsíninu við Neytendastofu í byrjun desember, en Vífilfell hóf að auglýsa hátíðarappelsín stuttu áður. Kvörtunin sneri að auglýsingunum, sem og heiti vörunnar og umbúðum hennar.

Ólgerðin taldi að hún ætti einkarétt á orðinu appelsín og að

umbúðir á hátíðarappelsíninu væru eftirlíking á umbúðum Egils appelsíns. Neytendastofa féllst ekki á að Ólgerðin ætti einkarétt á orðinu appelsín. Þá taldi stofnunin að þó að umbúðir drykkjanna tveggja væru líkar við fyrstu sýn væri ýmislegt sem aðgreindi þær og því væri ekki ástæða til að banna umbúðirnar.

Auglýsingar Vífilfells innihéldu fullyrðingarnar „Ekta appelsín – bara hátíðlegra“ og „Þú sérð það strax við fyrstu sýn. Þetta



er hátíðarappelsín.“ Neytendastofa taldi þetta vera augljósa vísun í auglýsingar Ólgerðarinnar. Í auglýsingunum fælust villandi upplýsingar um vöruna. Því var ákveðið að banna birtingu auglýsinganna. Ekki var talin ástæða til að leggja stjórnvaldssekt á fyrirtækið.

- þeb

**EGILS APPELSÍN** Neytendastofa féllst ekki á að umbúðir nýja appelsínsins væru of líkar hinum upprunalegu.

Hlutfjárútboð í takt við lögin:

## Arðsemiskrafa félagsins í lagi

**VIÐSKIPTI** Gagnaveita Reykjavíkur uppfyllir kröfur Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) um eðlilega arðsemi samkvæmt nýbirtri ákvörðun stofnunarinnar.

Þá kemst PFS að þeirri niðurstöðu að hlutfjárukning sem fram fór í félaginu í desember 2008 og móðurfélag gagnaveitunnar, Orkuveita Reykjavíkur, var greiddandi að, hafi ekki brotið í bága við ákvæði fjarskiptalaga um fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptastarfsemi frá einkaréttarstarfsemi samstæðunnar.

- óká

Áhrif krónprinsins augljós:

## William og Isabella vinsælust

**DANMÖRK** William og Isabella eru vinsælustu barnanöfn ársins í Danmörku samkvæmt tölfræðiskrifstofu Danmerkur.

Um 61.000 börn fæddust í Danmörku á síðasta ári en 15 þúsund eru enn án nafns.

Susanne Vogt, fræðimaður í Kaupmannahafnarháskóla, sem hefur helgað sig rannsóknum á mannanöfnum, segir í samtali við Söndagsavisen að hún hafi allt eins búist við vinsældum nafnanna. Börn krónprinsanna Fríðriks og Jóakims beri þessi nöfn og konungsfjölskyldan sé jafnan góður mælikvarði á tísku-strauma.

**FRÍÐRIK KRÓNPRINS**

- þj

## VBS á borð sérstaks saksóknara

Slitastjórn VBS Fjárfestingarbanka hefur rift samningum fyrrverandi stjórnenda í aðdraganda falls bankans upp á 5,1 milljarð króna. Slitastjórnin telur fjölda viðskipta fyrrverandi stjórnenda í besta falli undarleg.

**VIÐSKIPTI** Slitastjórn VBS Fjárfestingarbanka undirbýr það nú að stefna nokkrum málum tengdum viðskiptum bankans fyrir fall hans í fyrra og er líklegt að einhver þeirra lendi á borði sérstaks saksóknara. Ekki er búið að taka endanlega ákvörðun um það hvaða mál fara til sérstaks saksóknara en nokkur eru sögð koma til álita, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Hvorki Hróbjartur Jónatansson né Þórey S. Þórðardóttir, sem sæti eiga í slitastjórn VBS, vildu tjá sig um málið þegar eftir því var leitað í gær. Þórey sagði þó að verið væri að vinna í ýmsum málum. Hún vildi ekki tjá sig um málið að öðru leyti.

Fréttablaðið greindi frá því í desember að verðmæti eignasafns VBS hafi verið fært úr 52 milljörðum króna í tíu og aðeins einn óveðsettur milljarður króna væri til á móti 48 milljarða króna kröfum í þrotabúið.

Þá kom fram að vísbendingar væru um að stjórnendur bankans hefðu lánað til fasteignaverkefna með veði í lóðum og húsum án þess að húsinn hefðu nokkru sinni risið. Skulda-



**FYRRVERANDI FORSTJÓRI VBS** Slitastjórn VBS Fjárfestingarbanka er sögð undrast ýmis viðskipti stjórnenda bankans áður en Fjármálaeftirlitið tók hann yfir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

bréf tengd lánveitingunum hefðu verið sett í eignastýringu VBS og viðskiptavinir bankans

í raun tekið alla áhættuna. Fasteignaverkefni eru flest hver í nágrenni Selfoss, Mosfellsbæjar, á Suðurnesjum og við Akureyri.

Útlán VBS til fasteignaverkefna námu 20 milljörðum króna og jafngildir það 76 prósentum af heildarútlánunum.

Samkvæmt athugun endurskoðenda á rekstri bankans fyrir hrun er talið víst að hann hafi verið ógjaldfær í ársbyrjun 2008, tveimur árum áður en Fjármálaeftirlitið tók hann yfir í fyrravör.

Eftir því sem næst verður komist telur slitastjórn VBS nokkurn fjölda viðskipta fyrrverandi stjórnenda bankans í besta falli undarlegan. Stjórnin hefur rift fjölda gjörninga, svo sem eignatilfærslum, sem innsiglaðir voru á meðan bankinn var enn starfandi. Verðmæti samninganna nemur 5,1 milljarði króna.

Enn á eftir að rifta fleiri samningum sem taldir eru hafa verið gerðir í þeim tilgangi að snúða þrotabúið og gæti verðmæti þeirra numið í kringum tveimur milljörðum króna til viðbótar.

jonab@frettabladid.is

**BONUS BONUS BONUS BONUS**

Ný fersk ýsuflök roð og beinlaus

**998 kr.kg**

Fiskbúðin okkar

ATHUGIÐ: FERSKU ÝSUFLÖKIN KOMA Í VERSLANIR BÓNUS Á LANDSBYGGÐINI ÞRIÐJUDAGINN 4 JAN.

**BONUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu viltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

57 fréttamenn drepnir:

## Pakistan er hættulegast

**FJÖLMIDLAR** Alls voru 57 fréttamenn drepnir við störf sín á nýliðnu ári. Flestir þeirra létu lífið í Pakistan, eða ellefu. Næst koma Mexíkó og Írak.

Þetta upplýsa samtökin Fréttamenn án landamæra, sem árlega taka saman upplýsingar um afdrif fréttamanna á hættulegum slóðum.

Alls urðu 1.374 fréttamenn fyrir ofbeldi eða hótunum af ýmsu tagi, en 535 voru handteknir. Færri blaðamenn létust við störf en árið 2009, þegar 76 voru drepnir. - gb



**GÓÐ GJÖF** Haraldur afhenti Ragnheiði tölva skömmu fyrir jóla.

Opin kerfi styðja við félag:

## Gefa tölvu í stað jólakorta

**FÉLAGSMÁL** Opin kerfi gáfu á dögnum Foreldra- og styrktarfélagi Óskjuhlíðarskóla HP-tölvu í stað þess að senda út jólakort til viðskiptavina og samstarfsaðila.

Félagið starfar að málefnum barna með þroskahömlun á borð við einhverfu og aðra fötlun.

Það var Haraldur Þór Þórsson, átta ára sonur eins af starfsmönnum Opinna kerfa, sem jafnframt nýtur góðs af starfsemi Foreldra- og styrktarfélagsins, sem afhenti Ragnheiði Sigmarsdóttur, formanni félagsins, tölvuna. - jab

Landlæknir og Lýðheilsustöð:

## Fresta sameiningu til mars

**HEILBRIGÐISMÁL** Sameiningu Landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar hefur verið frestað um tvo mánuði að minnsta kosti. Til stóð að sameina stofnanirnar 1. janúar og hafa starfsmenn stofnanna tveggja unnið að undirbúningi sameiningar.

Í frétt á vef Landlæknis segir að stjórnarfrumvarp til laga um embætti landlæknis og lýðheilsu hafi verið lagt fram á Alþingi þann 11. nóvember síðastliðinn og hafi verið til umfjöllunar í heilbrigðisnefnd Alþingis. Vegna anna á þinginu hafi ekki tekist að ljúka umræðu um frumvarpið fyrir þinglok hinn 18. desember en verði haldið áfram strax á nýju ári.

Stefnt er að því að afgreiða frumvarpið fljótlega á þessu ári og að embætti landlæknis og lýðheilsu taki til starfa ekki seinna en 1. mars næstkomandi.

### SANDGERÐI

#### Ódýrari öryggisgæsla

Sandgerðisbær hefur fengið fimmtán prósentu lækun hjá Securitas vegna þjónustusamnings um eftirlit og viðhald búnaðar og fjargæslu viðvör- unarkerfa.

### NEYTENDUR

#### OR má nota lén

Neytendastofa hefur komist að þeirri niðurstöðu að Orkuveita Reykjavíkur megi nota lénið orkusala.is. Fyrirtækið Orkusalan kvartaði undan notkun OR á því við stofnunina og taldi hana valda ruglingi milli fyrirtækjanna. Neytendastofa taldi hins vegar að orðið orkusala væri mjög almennt.

Mál þar sem grunur er um efnahagsbrot daga uppi hjá dönsku lögreglunni:

## Lögmenn kalla á breyttar áherslur

**DANMÖRK** Fjöldi mála sem vísað er til efnahagsbrotadeildar dönsku lögreglunnar verður að engu þar sem hún hefur ekki mannafla til að sinna auknum málafjölda. Þetta kemur fram í danska viðskiptablaðinu Børsen.

Blaðið hefur þetta eftir mörgum reyndustu gjaldþrotalögfæðingum landsins, en gjaldþrotum, sér í lagi á fasteignamarkaði, hefur fjölgað mjög í Danmörku síðustu misseri. Lögmennirnir kalla eftir því að stjórnsmálamenn beiti sér fyrir því að stutt verði betur við efnahagsbrotadeildina.

Haft er eftir Pernillu Bigaard, formanni Landsambands danskra skiptalögfræðinga, að hún hafi verulegar áhyggjur af því hversu erfiðlega gangi að hafa hemil á fólki sem


grunað sé um gróf efnahagsbrot vegna tafa hjá lögreglu. „Og um leið horfum við upp á að gjaldþrota einstaklingar viðhalda lifnaðarháttum sem ekki ríma við persónulegt gjaldþrot þeirra,“ segir hún.

Blaðafulltrúi danska dómsmálaráðuneytisins bendir á að lögreglan hafi heimildir til þess að ákveða sjálf ráðstöfun fjármuna til ólíkra málaflokka. Um leið viðurkennir Jens Madsen, yfirmaður efnahagsbrotadeildarinnar, að mikið álag sé á deildinni. „Ég get staðfest að við höfum aldrei áður haft jafnmörg mál á okkar könnu og að á því tímabili sem aukningin hefur átt sér stað hafa fjárheimildir okkar ekki verið auknar,“ segir hann við Børsen. - óká



**Á VAKTINNI** Danskir lögmenn gagnrýna að efnahagsbrotadeild dönsku lögreglunnar skuli ekki eflid.

NORDICPHOTOS/AFP



## Dagatal Eimskips 2011 er komið út


Útgáfa dagatals Eimskips er árviss liður í starfsemi félagsins. Hægt er að nálgast dagatalið á næsta afgreiðslustað Eimskips.

Myndefni dagatals Eimskips er að venju sótt í náttúru Íslands. Að þessu sinni er það prýtt ljósmyndum af stöðuvötnum sem Arnaldur Halldórsson tók.

**EIMSKIP**

*Yfir hafid og heim*

## Fréttaskýring: Í hvað fara skattarnir?



# Hart bitist um hundraðþúsundkallinn

Fæstir velja því mikið fyrir sér í hvað skattgreiðslur þeirra til ríkisins fara. Það getur þó verið áhugavert að skoða hvernig ríkisvaldið nýtir krónurnar.

Flestir vita að félagsmál og heil-

brigðismál eru stærstu útgjalda-liðir ríkisins. Samanlagt gleypa þessir málaflokkar nær aðra hverja krónu sem ríkið eyðir samkvæmt fjárlögum næsta árs, svipað og verið hefur undanfarin ár.

Til að setja fjárútlát ríkisins í samhengi við þá skatta sem landsmenn borga má ímynda sér að skattgreiðandi borgi ríkinu 100

þúsund krónur í skatt einn mánuðinn, og skoða út frá því hvernig þessar krónur nýtast ríkinu.

Hér að ofan má sjá stærstu útgjaldaliðina hjá hverju ráðuneyti. Til dæmis að af hverjum 100 þúsund krónum fara tæplega 9.200 í lífeyrstryggingar, um 6.400 í Landspítalann og 1.800 í barnabætur. Um 1.800 krónur fara til

lögreglu- og sýslumannsembætta á landinu.

Af hverjum 100 þúsund krónum fara samanlagt ríflega 2.000 krónur í niðurgreiðslur til mjólkurbænda, sauðfjárbænda og grænmetisbænda.

Einnig getur verið áhugavert að skoða smærri útgjöld. Af hverjum 100 þúsund krónum fara til dæmis

þúsund krónur í rekstur ráðuneytanna. Samtals átta krónur fara svo í útgjaldaliðinn ráðstöfunarfé ráðherra í ráðuneytum öllum.

**Brjánn Jónsson**  
brjann@frettabladid.is



# 40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTSÖLU-VÖRUM!

Opið í dag frá 07.00 - 21.00

KRINGLUNNI



BREYTINGAR Á STJÓRNARHEIMILINU Guðbjartur Hannesson og Ögmundur Jónasson munu fá nýja starfstíla á nýju ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## Mestu breytingar á ráðuneytum í rúm fjörutíu ár: Sameining skilar 300 milljóna sparnaði

**STJÓRNSÝSLA** Um 300 milljónir króna munu sparast með sameiningu ráðuneyta, en ný ráðuneyti, velferðarráðuneyti og innanríkisráðuneyti, tóku formlega til starfa um áramótin. Sparnaðurinn felst aðallega í minni kostnaði við yfirstjórn ráðuneyta, en ekki er gert ráð fyrir uppsögnum starfsfólks í bili.

Með sameiningunni verður dómsmála- og mannréttindaráðuneyti sameinað samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti í nýju innanríkisráðuneyti og hins vegar er ráðuneyti félags- og tryggingamála sameinað heilbrigðisráðuneyti í velferðarráðuneyti.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði á kynningarfundinum í liðinni viku að þetta væru „umfangsmestu breytingar á skipulagi ráðuneyta frá því að lög um stjórnarráð voru sett árið 1969“.

Eins og fyrir fram var vitað verður Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra og Guðbjartur Hannesson verður velferðarráðherra, en þeir hafa stýrt forverum nýju ráðuneytanna frá því í september.

„Forsenda svona sameiningar er auðvitað bætt þjónusta. Annars hefur þetta engan tilgang,“ sagði Guðbjartur Hannesson. „Ef við

### Nýju ráðuneytin

#### Velferðarráðuneyti

■ 95 starfsmenn  
■ Útgjöld samkvæmt fjárlögum 2011: 209,4 milljarðar eða 48% af útgjöldum A-hluta ríkissjóðs, án vaxtagjalda.

#### Innanríkisráðuneyti

■ 75 starfsmenn  
■ Útgjöld samkvæmt fjárlögum 2011: 59,9 milljarðar eða 13,7% af útgjöldum A-hluta ríkissjóðs, án vaxtagjalda.

erum ekki að ná betri árangri í hagkvæmni og betri þjónustu við þá sem hennar njóta er til lítils gengið. Það er útgangspunkturinn og ég er sannfærður um að það muni nást.“

Ögmundur Jónasson sagði að stefnt væri að markvissari ráðstöfun fjármuna. „Mestu áherslubreytingarnar finnast mér þó vera að eiga sér stað hvað varðar aukna áherslu á mannréttindamál og réttarstöðu einstaklinga í samfélaginu.“

Frekari sameining ráðuneyta er fyrirhuguð á árinu þar sem atvinnuvegaráðuneyti verður til úr sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og iðnaðarráðuneyti.

thorgils@frettabladid.is

# ÚTSALA

# HEFST Í DAG!

**KING KOIL**  
Queen Size rúm (153x203 cm)  
FULLT VERÐ 149.700 kr.  
**ÚTSÖLUVERÐ**  
**97.305 kr.**  
ÞÚ SPARAR 52.395 kr.

**30 TIL**  
**70%**  
**AFSLÁTTUR**

**KING KOIL**  
King Size rúm (193x203 cm)  
FULLT VERÐ 245.460 kr.  
**ÚTSÖLUVERÐ**  
**159.549 kr.**  
ÞÚ SPARAR 85.911 kr.



**rekkjan**

# RISAUÚ

ÚTVÖRÞ  
BÍLHÁTALARAR  
BÍLMAGNARAR

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDI

**ALLT AÐ 75%**

UPPPVOTTAVÉLAR ELDVÉLAR  
PVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR

HRAERIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL  
FRYSTIKISTUR PURRKARAR

BLANDARAR VÖFFLUJÁRN  
OFNAR

## NOKKUR VERÐDÆMI

**Philips sjónvörp með allt að 200.000 kr. afslætti**

**Háfar frá Whirlpool og TecnoWind með allt að 53% afslætti**

**Heimabíókerfi frá Philips og Panasonic með miklum afslætti**

**Upppvottavélar með allt að 50.000 kr. afslætti**

**Bialetti pottar og pönnur með 50% afslætti**

**Smáraftæki á ótrúlegum verðum, Melissa töfrasprotar, hárklippur, skeggsnyrtar, sléttujárn og hárbلاسارar frá 995 kr.**

## TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

CASIO

Lenco

NAD

KENWOOD

PHILIPS

Panasonic

DENON

UNITED

BEKO

scan domestic

DVD SPILARAR BÍLTÆKI  
SJÓNVÖRÞ FERÐATÆKI  
MP3 SPILARAR MAGNARAR  
PRÁÐLAUSIR SÍMAR HLJÓMBORÐ  
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR HEYRNARTÓL  
REIKNIVÉLAR

# HT IS SÁLLA

MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

# AFSLÁTTUR

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR  
STRAUJÁRN RAKVÉLAR  
RYKSUGUR HELLUBORÐ

Philips lofthreinsitæki með allt að 50% afslætti

Vestfrost frystikistur með allt að 35% afslætti

Pvottavélar - verð frá kr. 54.995

Mikið úrval kæliskápa á frábæru verði

Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti

Sjá allt  
úrvalið  
á [ht.is](http://ht.is)

Opið virka daga kl. 10-18

Laugardaginn 8. janúar 10-18

Sunnudaginn 9. janúar 12-18



Heimilistæki

[www.ht.is](http://www.ht.is)

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

ide line

Melissa

-Friete

Bauknecht

elna

exido

VESTFRÖST

i INDESIT

DeLonghi

Whirlpool

Þjóðar- og stjórnmalaleiðtogar eru sammála um að grafa neikvæða umræðu á nýju ári.

## Jákvæði tónninn

Í áramótaræðum og -greinum stjórnmalaleiðtoga, forseta og biskups Íslands mátti greina sameiginlegan, jákvæðan tón og ákall um uppbyggilegri þjóðfélagsumræðu á nýju ári. Ólafur Ragnar Grímsson forseti sagði í sínu ávarpi að nú væru rösk tvö ár frá hruni bankanna og „tímabært að við höttum að láta illmælg og hatursfulla orðræðu hamla för. Ból-móður getur gert að engu áform um umbætur,“ sagði forsetinn. Hann sagði að vissulega yrði að láta þá sem brotið hefðu lög standa reikningskil gerða sinna. En forsetinn kallaði eftir þáttaskilum:

### SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen  
olafur@frettabladid.is



„Við skulum taka höndum saman, hefja nýja för, reynslunni ríkari, gagnrýnni í hugsun, vitrari vegna mistakanna og með hin góðu gildi í veganesti.“

Biskup Íslands, Karl Sigurbjörnsson, sagði í nýársprédikun sinni að það væri „stórháskalegt ef hreyfiaflið andspænis áföllum þjóðlífsins verður hin óhelga

þrenning: reiði, hatur og hefnigirni.“ Biskup hvatti fólk til að taka fremur „höndum saman í sátt og samstöðu til uppbyggingar samfélags og menningar gagnkvæmrar virðingar, heilinda og trausts.“

Sama viðhorf mátti greina í áramótagreinum stjórnmalaleiðtoga hér í Fréttablaðinu. Meira að segja foringjar stjórnarandstöðunnar, sem segja má að hafi það hlutverk að vera neikvæðir í garð sitjandi stjórnar, telja komið nóg af neikvæðinni.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði þannig að við lok gamla ársins mætti finna sterkt fyrir þeirri von fólks að nýja árið geymdi betri tíma. „Til þess er ætlast að okkur takist betur en raunin varð á líðandi ári að leggja til hliðar óeiningu og sundurlyndi sem því miður hefur einkennt þjóðfélagsumræðuna frá hruni. Eigi von okkar um betri tíð að rætast verða allir að leggjast á eitt,“ sagði Bjarni.

Sama sinnis var Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sem sagði í sinni grein: „... umræða um þjóðfélagsmál á Íslandi er föst í „niðurrifsspírál“. Afleiðingin er sú að samfélagið hefur ekki nýtt þau uppbyggingartækifæri sem hafa verið til staðar ... Á árinu 2011 kemur í ljós hvort við festumst í niðurrifsspírálnum eða snúum dæminu við og hefjum uppbygginguna.“

Foringjar stjórnarflokka voru ekki eins uppteknir af því að hafna neikvæðri umræðu, en Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra vildi „sækja fram með jákvæðni, kjark og dug að leiðarljósi“ og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra kallaði eftir vinnu-fríði og stöðugleika í efnahagsmálum, á vinnumarkaði og í stjórnmálum. Þannig mætti gera nýja árið að ári mikils umsnúnings til hins betra.

Allt er þetta vonandi meira en innantóm orð. Það er sannarlega komið nóg af neikvæðni, tortryggni og niðurrifi í þjóðfélags- umræðunni á Íslandi. Leiðtogarnir sem settu orð á blað um áramótin verða okkur væntanlega góð fyrirmynd í jákvæðum umræðuháttum – og allir ættu að gera strengt þess áramótaheit að leggja lítið eitt jákvætt til málanna á nýju ári.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

# MEIRI UMRÆÐA

visir.is

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Sumir komast (ekki) að

Jón Bjarnason ráðherra fór á kostum í áramótaskaupi ríkissjórnvarpsins, og má fyrirmyndin vel við una enda líklega mun skárna að fá slæma útreið í kaupinu en að komast ekki að á þessum vettvangi, sem þjóðin öll fylgist með. Þannig má segja að verstu útreið allra ráðherra ríkisstjórnarinnar hafi þau Árni Páll Arnason, Guðbjartur Hannesson, Katrín Jakobsdóttir, Katrín Júlíusdóttir og Svandís Svavarsdóttir fengið, því þau hafa greinilega fát gert á árinu 2009 sem tók því að gera grín að í kaupinu.

#### Aðstoðarmaður ánægður

Bjarni Harðarson, aðstoðarmaður Jóns, er sömuleiðis hæstánægður með sinn hlut í kaupinu. „Ég er enn að velta því fyrir mér hvernig við Jón Bjarnason náðumst þarna á mynd, því ekki dettur mér í hug að halda að nokkur hafi getað hermt atvik og takta svo nákvæmlega eftir,“ segir Bjarni í viðtali við fréttavefinn Sunnlenska.is

#### Útlenskir siðir

Ekki er alveg víst að Jón og Bjarni séu jafn ánægðir með skot sem þeir fá á sig á öðrum vettvangi, nefnilega í tíma-ritinu Vísbandingu

þar sem þeir eru gagnrýndir fyrir að óttast aðlögun að Evrópusambandinu: „Á Íslandi vita starfsmenn Landbúnaðarráðuneytisins ekki um hvað aðlögunin snýst, því ráðherrann hefur bannað þeim að kynna sér það,“ segir þar. Jafnframt er bent á að Halldór Laxness hafi á sínum tíma hvatt Íslendinga til þess að laga sig að siðum útlendinga: „Hann vildi sem sé að þeir tækju upp á því að þvo sér og burstu tennurnar. Sem betur fer löguðum við okkur flest að þessum evrópsku siðum áður en baráttan fyrir útlendum venjum komst í tísku á ný.“

gudsteinn@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Reynisnes austan Eyjafjarðar

### Pistill



Valgarður Egilsson læknir

Helgi magri nam land milli Sigluness og Reynisnes, segir Landnámabók.

Reynisnes er þá Gjögurtá austan Eyjafjarðar yst. Heitið Reynisnes var notað öldum saman (reynir finnst í Fossdal innan við Gjögurinn).

Þeir Þingeyingar koma sér ekki saman með heiti á skagann austan Eyjafjarðar.

Ein hugmyndin er Reynisnes. Í heidnum sið var helgi á reyninum, hann kallaður björg Þórs, segir Snorri. Helgi magri var írskur í móðurætt og að uppeldi, sagður blandinn í trú sinni, kristinn en treysti á Þór í hafi.

Helgi og kona hans Þórunn Ketilsdóttir voru fyrsta vetur sinn á Hámundarstöðum.

Helgi gengur upp á fjall til að sjá yfir héraðið. Það kallar hann Sólarfjall. Ekki er vitað nú hvert það fjall var.

Lítt sér af Kötlufljalli inn til Eyjafjarðarhéraðs. Yfirsýn yfir hérað er best af Kaldbak, staða þess fjalls veldur því; og hæð fjallsins því, að þar kemur sól upp snemma. Sólarfjall er þá frekar Kaldbakur. Líklega felur heitið Sólarfjall í sér trúarlega skirskotun.

Sögn er að Helgi léti drösla galdrakerlingu upp á Kötlufljall og grýta þar í hel, það gerir maður ekki á neinu sólarfjalli.

Helgi og Þórunn hyrna eru einn vetur á Bíldsá austan fjarðarbotns. Þá ákveða þau að

setjast að í Kristnesi, þurfa þá að fara vestur yfir frjósama óshólma Eyjafjarðarar.

Á leiðinni, í hólmunum, verður Þórunn léttari. Fædd er mæ, nefnd Hólmasól, Þorbjörg hólmasól.

Óshólmar fljótanna bera í sér frjósemi jarðar. Þess vegna er barnið borið þar, sagan höfð þannig; tvöföld tenging við frjósemi. Það glittir í frjósemisdýrkun, sem á margt sameiginlegt með sólardýrkun. Afkomendur þeirra gömlu hjónanna, Helga og Þórunnar, höfðu átrúnað á frjósemisgöðinu, Frey. Á sölguðinn treysti Þorkell máni, Reykvíkingurinn, venslaður Þórunni.

Gömul kona bjó í Ólafsfirði, alin upp á Látraströnd, og þurfti hún að leiðrétta krakkana á Ólafsfirði þegar þeir töluðu um Látrastrandarfjöll: „Þetta heita Sólarfjöll,“ sagði hún.

Við landnám um Eyjafjörð gerði Helgi elda við ósa. Enn koma ósar fljótanna við sögu. Keltar voru víðförlir, höfðu kynni af heimspeki og heimssýn fjarlægustu þjóða. Vel fer saman kristni og trú á öfl náttúrunnar. Frásagan af landnámi Helga og Þórunnar um Eyjafjarðarhérað er sérstæð, þó eru tengsl við landnám í Vatnsdal.

Ég styð þá hugmynd að skaginn milli Eyjafjarðar og Skjálfanda verði nefndur Reynisnes.



# Jesús var líklega til

Í DAG

Pawel Bartoszek  
Stærðfræðingur

Nú þegar næstmikilvægasta hátíð kristinnar trúar stendur yfir má lesa margskonar forvitnilegar vangaveltur frá kristnari mönnum samfélagsins. Allt of oft þegar minnst er á hinn svokallaða sanna anda jólnanna geta menn ekki látið sér nægja að fagna þeim síðum sem þeir sjálfir hafa alist upp við heldur þurfa að ýja að því að þeir sem trúu ekki sögunni um jólabarnið eigi eitthvað minna tilkall til jólnanna en aðrir.

En var Jesús sjálfur yfirhöfuð til? Engar heimildir eru um störf eða orð Krists frá neinum sem segist hafa hitt hann. Miðað við hve margt stórfenglegt hefur átt að eiga sér stað á ævi Jesúsar samkvæmt guðspjöllunum eru rómverskar samtímaheimildir furðuþöglar eða fáorðar um tilvist hans. Finna má örfáar setningar um Jesús eða Krist í rómverskum og gyðinglegum heimildum frá lokum fyrstu aldar, til dæmis frá Tacitusi eða Flavíusi Jósefusi. Báðar þessar heimildir innihalda 2-3 setningar um Jesús og kristna menn en þær eru ritaðar eftir tíma fyrstu guðspjallanna, og okkar útgáfur þessara rita eru seinni tíma kristnar eftirritanir. Heimildarlegt gildi þeirra er því dálítið hæpið.

Skortur á óyggjandi sagnfræðilegum heimildum er auðvitað engin sönnun þess að eitthvað hafi ekki átt sér stað. Almennt hafa afar fáar heimildir fornaldar varðveist óskaddaðar og ómengaðar til okkar tíma, og því miður þá bera fáir meiri sök í þeim efnum en einmitt sá trúarhópur sem ráðið hefur mestu í Evrópu undanfarnar tuttugu aldir.

Trúvillu og guðlast eru orð sem rænt hafa okkur stórum hluta af sögulegri arfleidd mannkyns.

Hér er ekki aðeins átt við rit um vísindi, menningu og önnur trúarbrögð fornaldar, sem glötuðust vegna þess að efni þeirra féll í ónád eða ekki þótti ástæða til að afrita þau, heldur líka aðrar frumkristnar heimildir um ævi Jesúsar og lærisveinanna en þær sem rötuðu í nýja testamentið. Feður kirkjunnar vildu verja sögu um guð á jörðu sem gerði kraftaverk og reis upp frá dauðum. Ætla má að öllu manngreipi spámaður, sem boðaði meira og töfraði minna, hefði þótt minna spennandi.

Heimildirnar okkar um frumkristni hafa því bjagast mikið. En reynum við að beita hefðbundnum aðferðum sagnfræðinnar, og kjósum að taka þá Tacitus og Flavíus trúanlega, þá getum við samt lítið annað fullrytt með vissu en að á fyrri hluta fyrstu aldar hafi starfað í Palestínu trúboði sem fangað hafi hugi margra og verið tekinn af lífi. Mikið lengra komumst við ekki án þess að grípa til getgátna.

Hin ljúfa dæmisaga af fæðingu Krists sem lesin er í kirkju-

um landsins í tengslum við jólahaldið er nokkuð bersýnilega búin til eftir á. Á sinn hátt er hún raunar sjálf nokkuð sterk óbein sönnun fyrir því að einhver að nafni Jesús frá Nasaret hafi verið til. Samkvæmt gömlum spádómi átti spámaðurinn að fæðast í Betlehem og því bjuggu menn til þessa atburðarás með manntalið og ferðalag ungu hjónanna. Hefði Jesús verið goðsögn með öllu hefði verið hægur vandi að láta hann bara vera frá Betlehem, en ekki frá Nasaret.

Til eru þeir sem líta á dæmisögur trúarrita sem gallharðan sannleik.

Aðrir reyna að finna boðskapinn sem að baki sögunum liggur og þykir þá minna atriði hvort þær sjálfar lýsi sögulegum staðreyndum eður ei.

Sjálfur tilheyrir ég hvorugum hópnum, ég sækir mín siðferðislegu gildi ekki í trúarrit, þótt mér sé í sjálfu sér ósárt hvaða hugmyndakerfi menn tileinka sér sem ástæðu til að koma vel fram við aðra. En ég get varla annað en andmælt þeim sem halda því fram að hugmyndafræðilegur grundvöllur samfélags okkar hvíli á sögunni um barnið, jötuna og vitringana þrjá sem sögð er á jólavertíðinni. Það þykir mér hæpið veðmál.

Ég óska öllum, kristnum sem öðrum, farsæls árs. Um leið minni ég fólk á að þótt dæmisagan sem fær okkur til að gefa vinum gjafir þegar það er kalt og dimmt sé kristin að uppruna er boðskapurinn algildur. Engin ein lífsskoðun hefur einkarétt á manngæsku og gjafmildi.

# Leiðsöguskólinn barn síns tíma

Leiðsögunám

Stefán Helgi Valsson  
ritstjóri Fréttabréfs  
Félags leiðsögumanna

Leiðsögumenn eru því miður ósýnileg fagstétt þrátt fyrir allan þann fjölda fagmenntaðra leiðsögumanna sem hefur útskrifast.

Leiðsögunám fyrir fagmenntaða leiðsögumenn ferðamanna fer fram á þremur skólastigum; háskólastigi, framhaldsskólastigi og óskilgreindu skólastigi í einkaskóla. Fagmenntaðir leiðsögumenn geta ekki sætt sig við slíkt ástand til framtíðar enda er það í hæsta máta óeðlilegt í okkar samfélagi.

Það sér hver sem vill að Leiðsöguskólinn við Menntaskólann í Kópavogi (MK) er barn síns tíma enda hafa tugir nemenda útskrifast frá Endurmenntun Háskóla Íslands, úr námi sem er viðurkennt háskólanám. Leiðsögunám erlendis er gjarna háskólanám, t.d. í Danmörku og Grikklandi.

Leiðsögunám hófst með formlegum hætti hér á landi árið 1976. Um 1.500 fagmenntaðir leiðsögumenn hafa útskrifast frá upphafi en í vor útskrifuðust 160 nýir leiðsögumenn frá þremur skólum. Þetta er langstærsti árgangur fagmenntaðra leiðsögumanna frá upphafi sem ber að fagna. Hins vegar verður ekki litið framhjá þeirri staðreynd að menntun fagstéttarinnar fer fram á þremur ólíkum skólastigum.

Leiðsögumenn eru andlit Íslands frammi fyrir tugþúsundum erlendra ferðamanna sem sækja okkur heim. Sjaldan eða aldrei hefur menntun einnar starfsstéttar skipt eins miklu máli og einmitt nú þegar tekjuöflun

í erlendri mynt skiptir sköpum fyrir íslenskt samfélag og orðstír Íslendinga hefur beðið hnekki. Leiðsögumenn eru því miður ósýnileg fagstétt þrátt fyrir allan þann fjölda fagmenntaðra leiðsögumanna sem hafa útskrifast og hið gríðarlega góða landkynningarstarf sem þeir hafa innt af hendi síðustu áratugi.

Hlutdeild leiðsögumanna í upp-gangi ferðabjónustu á Íslandi hefur verið stórlega vanmetin. Markaðsátak fyrir hundruð milljóna vegna eldgoss getur fljótt snúist upp í andhverfu sína ef þeir sem eiga að taka á móti ferðamönnum eru annað hvort ekki til staðar eða eru lítt undir það búnir.

Leiðsöguskólinn við MK hefur frá upphafi þjónað hlutverki sínu með sóma en nú eru breyttir tímar. Þrátt fyrir þá staðreynd að inntöku-skilyrði í Leiðsöguskólann séu meiri en í háskóla er skólinn samt ekki á háskólastigi. Nemendur Leiðsöguskólans þurfa að vera 21 árs, hafa stúdentspróf og tala að minnsta kosti eitt erlent tungumál auk íslensku.

Leiðsögunám á skilyrðislaust heima á háskólastigi og hvergi annars staðar.




# Útsalan

## hefst í dag kl. 9:00

# 30-70% afsláttur

Um leið og við óskum lands„konum“ gleðlegs nýs árs þá bjóðum við þeim á glæsilega útsölu okkar sem stendur frá mánudegi 3. janúar fram í mánúinn. Nú sem aldrei fyrr er hægt að gera frábær fatakaup hjá okkur og eru konur hvattar til að nýta sér þetta tækifæri til að eingast falleg fót í fataskápinn sinn.

SMÁRALIND OG  
LAUGAVEGI 25

# Sköpum 2011

## Áramót

Vilmundur Jósefsson

formaður Samtaka atvinnulífsins



hagvöxtur verði í kringum 5% svo lífskjör geti batnað. Því lengur sem dregst að ná þessu marki, þeim mun lengur mun það taka þjóðina að ná þeirri velmegun og velferð sem hún bjó við fyrir hrúðið 2008. Árið 2010 hefur því miður runnið sitt skeið án þess að sá viðsnúningur hafi orðið sem mögulegur var.

Meginleiðin til að ná aftur fyrir styrk er með fjárfestingum í atvinnulífinu og þá fyrst og fremst í útflutningsgreinum. Fjárfestingar eru nú minni hlutfallslega en nokkru sinni undanfarin 70 ár. Með sama áframhaldi mun samkeppnishæfni atvinnulífsins minnka og engin leið verður til að endurheimta fyrri lífskjör á skömmum tíma.

Atvinnulífið þarf að búa við stöðugleika, greiðan aðgang að erlendu og innlendu lánsfé án gjald-eyrishafta og hér verða samkeppnisskilyrði að vera hagstæð þeim sem vilja fjárfesta og byggja upp eigið fé atvinnulífsins og nýja starfsemi. Stjórnvöld verða að vinna með atvinnulífinu til að stórfjárfestingar í orkugeiranum og tengdri framleiðslu ná fram að ganga. Ófært er að þær stöðvist vegna pólitískra kredda eða hugsjóna. Hraða verður uppbyggingu í ferðaþjónustu sérstaklega utan háannatíma. Skapa verður sátt til frambúðar við þá sem starfa í sjávarútvegi um stjórn fiskveiða, sjávarútvegur er vel rekin atvinnugrein og Íslendingar þurfa á öllu sínu að halda til að komast upp úr kreppunni.

Markmiðið þarf að vera að auka útflutning um 7-8% á ári á næstu árum til að skapa nauðsynlegan hagvöxt. Engin leið er til þess að hagvöxtur byggður á einkaneyslu leysi þann vanda sem við er að etja. Útflutningur þarf að aukast á öllum sviðum, þ.e. frá sjávarútvegi, stór-íðju, ferðaþjónustu, hátækniyrir-

tækjum og öðrum greinum. Lágt gengi krónunnar næstu ár skapar tækifæri til fjárfestinga í arðbærum útflutningsfyrirtækjum ef starfsskilyrðin eru eins og best verður á kosið og allt verður gert til að laða fram sóknarhug og hvetja fólk og fyrirtæki til dáða.

## Sköpum líf

Í fyrirtækjunum endurspeglast væntingar og viðhorf almennings til framtíðarinnar. Með stöðugleika, sóknarhug og með því að eyða óvissu geta stjórnvöld skapað þannig umhverfi að fyrirtæki hefji fjárfestingar að nýju. Stöðugleiki og víska framtíðina yfir undir að fólk vilji hefja rekstur og taka áhættu til að geta notið ávinnings ef vel gengur.

Til þess að þetta geti orðið þarf skattkerfið að stuðla að samkeppnishæfni efnahagslífsins og skapa aðlaðandi skilyrði fyrir innlenda og erlenda fjárfesta. Hóflugar álögur og einfalt skattkerfi er líklegast til að skila ríkissjóði mestum ávinningi til lengri tíma og um leið til að ýta undir hagvöxt, tryggja atvinnu og betra líf almennings.

Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að aðilar á vinnumarkaði taki yfir stjórn og rekstur atvinnuleysistrygginga og telja að með því megi ná mun meiri skilvirkni, auka eftirlit og koma fólk hraðar til starfa að nýju.

Samtök atvinnulífsins telja algera nauðsyn að hefjast þegar handa við þau stóru verkefni sem íslenska þjóðin stendur frammi fyrir. Samtökin eru reiðubúin að leggja sitt af mörkum til að hefja á árinu 2011 nýja sókn sem byggir á bættum samkeppnisskilyrðum atvinnulífsins, sókn til fjölgunar starfa og bættra lífskjara í landinu. Það veldur hver á heldur.

# Næstu skref í grunnskólamálu

## Skólamáli

Brynjar Marínó Ólafsson  
grunnskólakennari



Nú starfar hópur sem á að skila tillögum um hvernig hægt er að ná fram sparnaði við rekstur skóla á vegum sveitarfélaga. Í Fréttablaðinu 29.12.2010 er m.a. bent á að kostnaður við rekstur grunnskóla á Íslandi sé hærri en meðaltal OECD-landa. Forysta Kennarasambands Íslands (KÍ) hefur bent á ástæður sem geta skýrt muninn; t.d. hár stofn- og rekstarkostnaður skólabygginga, hátt þjónustustig, sem fylgir skóla án aðgreiningar, tíu árgangar á Íslandi á móti 9,1 að meðaltali hjá OECD-þjóðum og mikið af fámennum skólum í dreifbýli. Af þeim atriðum sem hér eru talin upp virðist auðveldast að skera niður á þjónustustiginu.

## 5-4-3 leiðin

Samband sveitarfélaga hefur m.a. lagt til svokallaða 5-4-3 leið þar sem vikulegum kennslustundum verður fækkað um fimm hjá elsta stigi, en fjórar og þrjár hjá mið- og yngsta stigi. Ekki hefur verið útlístað hvaða kennslustundir eigi að taka burt: Á að taka tímuna af

„Ef nauðsynlegt er að velja milli leiða sem hér hefur verið fjallað um væri rétt að athuga hvað almennur félagsmaður KÍ hefur að segja.

valgreinum? Á að hætta list- og verkgreinakennslu eða á að skera niður eitthvað í öllum greinum, þ.á m. íslensku og stærðfræði?

Slíkt myndi breyta skóla- starfi mikið. Breyta þyrfti aðal- námskrá grunnskóla því ef t.d. kennslustundum í stærðfræði yrði fækkað um fimmtung er ekki hægt að ná sömu markmiðum og nú. Ef kennslustundum í stærðfræði yrði fækkað um 20% á þá að hætta að kenna algebru? Eða rúmfræði? Eiga skólar sjálfir að velja úr það mikilvægasta og kenna það? Verða samræmd könnunarpróf marktæk ef einn skóli ákveður að kenna enga tölfræði en annar skóli reynir að kenna eitthvað í öllu?

Auk breytinga á námskrá er ljóst að fækkun vikulegra kennslustunda fækkar stöðugildum kennara um allt að 410 stöðugildi. Ég myndi vilja fá nánari útskýringar á hvernig 5-4-3 leiðin yrði framkvæmd, ekki er nóg að kasta fram sparnaði upp á tvo milljarða til að sannfæra mig um ágæti leiðarinnar.

## 10 daga leiðin

Í tillögu sambands sveitarfélaga er auk 5-4-3 leiðarinnar talað um fækkun skóladaga úr 180 í 170. Breytingin myndi kalla á endurskoðun kjarasamninga þar sem því fylgir launaskerðing fyrir kennara. Það kann að hljóma undarlega að starfandi kennari mæli fyrir leið sem miðar að launaskerðingu en ef hugsað er um kennarastéttina er spurning hvort sú leið sé betri en 5-4-3 leiðin sem

leiðir til að fjöldi kennara missi vinnuna eða þurfi að lækka starfshlutfallið.

Í tillögum sambands sveitarfélaga segir m.a. að stytting kennsluársins myndi þýða 5,6% launaskerðingu fyrir kennara. Þá segir: „Margt bendir til að með þessari leið megi ná meiri hagræðingarhrifum en leiðir af styttingu vikulegs kennslutíma ... Ekki er hins vegar víst að þörf sé fyrir þetta mikla hagræðingu.“

Hér opnast annar möguleiki. Hægt væri að stytta skólaárið um 10 daga eins og lagt er til, en kjarasamningar kennara eru lausir og hafa verið um hríð. Eins og staðan er í þjóðfélaginu má búast við litlu svigrúmi til launahækkana. Ef tíu daga leiðin felur í sér meiri hagræðingu en þörf er á mætti nota svigrúmið sem skapast til að hækka laun kennara. Launalækkun við 10 daga skólastyttingu yrði látin vera t.d. 3,5% í stað 5,6%. Ávinningurinn er sparnaður fyrir sveitafélögin og á sama tíma ávinningur fyrir kennara þó útborguð laun myndu lækka vegna styttingu vinnuársins. Stöðugildi 410 kennara halda sér og enginn þarf að missa starfið eða minnka starfshlutfall. Önnur leið væri að fækka skóladögum um 10 án þess að hrófla við launum kennara en á móti myndu kennarar falla frá frekari launahækkun í komandi kjaraviðræðum og framlengja núverandi samning með breyttum kennsludagafjölda til eins eða tveggja ára og sækja launahækkunir í næstu samningum þegar betur árar í samfélaginu.

## Sátt um breytingarnar

Með styttingu skólaársins þyrftu foreldrar yngri barna að finna önnur úrræði fyrir þau utan skólaársins, en slíkt þyrftu foreldrar hvort eð er að gera yfir vetrartímann ef kennslustundum yrði fækkað hjá yngstu nemendum. Varla ætla sveitarfélögin að bjóða upp á þriggja stunda viðveru til viðbótar á frístundarheimilum án þess að rukka fyrir.

Yrði skólaárið skert má ætla að óhefðbundnum dögum að hausti og vori fækki og skólar haldi sig við hefðbundna stundarskrá. Ég vil ekki draga úr mikilvægi óhefðbundinna daga þar sem tími hefur t.d. verið nýttur til vettvangs- og safnaferða en með miklum niðurskurði hefur þegar verið dregið úr möguleikum til að fara í slíkar ferðir.

Hvaða leið sem farin verður til að ná fram sparnaði er mikilvægt að það verði gert þannig að sem flestir verði sáttir við breytingarnar. Eðlilega mótmælir forysta KÍ öllum niðurskurðartillögum í kennslu og í raun gera kennarar það líka. En ef nauðsynlegt er að velja milli leiða sem hér hefur verið fjallað um væri rétt að athuga hvað almennur félagsmaður KÍ hefur að segja. Ef hægt er að ná fram verulegum sparnaði með þessum tveimur leiðum væri lýðræðislegt að gera könnun meðal félagsmanna KÍ um hvora leiðina þeir vilja fara og velja leiðina sem fjöldinn styður. Ekki er eingöngu hægt að horfa til skýrslu OECD og ætla að laga íslenska skólakerfið að meðallínu OECD-ríkja. Ekki nema sveitarfélögin ætli að laga allt að meðallínunni því skv. skýrslunni kemur líka fram að laun kennara á Íslandi með 15 ára starfsreynslu eru aðeins 69% af meðallaunum kennara innan OECD.

## SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlumum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til stytta efni.

# POLARN O. PYRET

KRINGLAN OG SMÁRALIND



Útsalan er hafin  
40% afsláttur  
af öllum vörum

**40%  
afsláttur**

79X56X17 CM.  
**1.795,-**



einfaldlega betri kostur



**GEYMSLUBOX.** Plast.  
60 x 37,5 x 17 cm.  
Verð 1.495,- **NÚ 895,-**  
79 x 36 x 17 cm.  
Verð 1.995,- **NÚ 1.195,-**  
79 x 56 x 17 cm.  
Verð 2.995,- **NÚ 1.795,-**  
60 x 45 x 35 cm.  
Verð 1.995,- **NÚ 1.195,-**

60X37,5X17 CM.  
**895,-**

79X36X17 CM.  
**1.195,-**

60X45X35 CM.  
**1.195,-**

© ILVA Ísland 2011

# ÚTSALA - ÚTSALA



**DOOR KNOCKER.**  
Dyrhamar antik.  
17 cm. Verð 2.495,- **NÚ 1.695,-**  
22 cm. Verð 2.995,- **NÚ 1.995,-**



**35%  
afsláttur**

**DICE.** Skemill m/hnöppum.  
43x43x38 cm. Verð 7.900,-/stk  
**NÚ 4.900,-/stk**



**STANFORD.** Stóll beige ákl. 100%  
bómull/dökkbrúnir fætur.  
106x50x67 cm. Verð 26.900,-  
**NÚ 19.900,-**



**30%  
afsláttur**

**MOODY.** Ljós m/tausnúru.  
Ýmsir litir. Ø50 cm.  
Verð 14.995,-/stk **NÚ 9.995,-/stk**



**SQUARE.** Hillueining.  
Hnota. 224x34x114 cm.  
Verð 93.700,- **NÚ 69.700,-**



**40%  
afsláttur**

**BAMBOO.** Skál kringlött.  
23 cm. Verð 1.495,- **NÚ 895,-**  
30 cm. Verð 2.495,- **NÚ 1.495,-**  
35 cm. Verð 2.795,- **NÚ 1.675,-**



**LITTLE PRINCESS.** Kollur, viðar.  
Verð 5.995,-/stk **NÚ 2.995,-/stk**



**40%  
afsláttur**

**ALBURY.** Sófi 2ja sæta Mokka. L. 165 cm. Verð 149.900,- **NÚ 89.900,-**  
Sófi 3ja sæta Mokka. L. 203 cm. Verð 179.900,- **NÚ 107.900,-**



**LARA.** Skál, gler. Ø40 cm.  
Verð 3.995,-/stk **NÚ 2.995,-/stk**



**SILENCE BASIC B4110.** Boxdýna.  
90x200 cm. Fætur og yfirdýnur seldar  
sér. Verð 24.900,- **NÚ 14.900,-**  
Einnig fánlegt í fleiri stærðum.



**SILENCE CLASSIC430.** Boxdýna. Stíf.  
140x200 cm. Fætur og yfirdýnur seldar  
sér. Verð 129.900,- **NÚ 82.900,-**  
Einnig fánlegt í fleiri stærðum.



**SILENCE EXCLUSIVE 610.**  
Boxdýna. Meðalstíf. 160x200 cm. Fætur  
og yfirdýnur seldar sér. Verð 189.900,-  
**NÚ 119.900,-** Einnig fánlegt í fleiri stærðum.

**35%  
afsláttur**  
af SILENCE boxdýnum  
90-140-160x200



**30%  
afsláttur**

**OSLO.** Ábreiða. Ull. Ýmsir litir.  
130x200 cm. Verð 6.995,-/stk  
**NÚ 4.895,-/stk**



**FEMINIA.** Geymslubox. Pappi.  
19x30 cm. Verð 1.295,- **NÚ 645,-**  
20x36 cm. Verð 1.795,- **NÚ 895,-**

**60%  
afsláttur**



**BARCELONA.** Ljós. Plíseraður  
skermur, hvítt. 23x25x55 cm.  
Verð 19.995,- **NÚ 7.995,-**



**BUCK.** Ruslakarfa filt.  
Ýmsir litir. Ø26x33 cm.  
Verð 3.995,- **NÚ 2.795,-**



**TONIC.** Borðlampi.  
Svartur/hvítur. H. 32 cm.  
Verð 11.995,-/stk **NÚ 6.995,- /stk**



Samloka m/osti og skinku,  
(borið fram með salati).  
**Verð 390,-**



ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8,  
112 Reykjavík, sími 522 4500 [www.ilva.is](http://www.ilva.is)  
mánudaga - föstudaga 11-18:30  
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18



# Leiðbeiningar handa eigendum sólbaðstofa

## Sólbaðstofur

**Pálmi Óskarsson**

heimilislæknir á Akureyri



Eigendur sólbaðstofa virðist vanta sárlega úrræði til að komast að aldri viðskiptavina sinna.

um lágmarksaldur viðskiptavina slíkra forretninga:

1. Biðjið viðskiptavininn um



Ég vona að þessar stuttu leiðbeiningar megi koma eigendum sólbaðstofa að gagni við framfylgd hinna nýju laga.

Þeim er hér með veitt leyfi til að hengja þær upp í grennd við afgreiðsluborð fyrirtækja sinna.

Ég hef hér sett niður á blað tilögur mínar að leið til þess að framfylgja væntanlegum lögum

skilríki ef þér eruð í vafa um að hann sé orðinn 18 ára.

2. Nú hefur viðskiptavinurinn

ekki skilríki á sér eða vill ekki sýna þau. Áminnið hann um lögin umræddu og leggið þunga áherslu á að hann fái eigi afgreiðslu nema að sýndum skilríkjum.

3. Með skilríkjum er einkum átt við ökuskírteini og vegabréf.

Ég vona að þessar stuttu leiðbeiningar megi koma eigendum sólbaðstofa að gagni við framfylgd hinna nýju laga. Þeim er hér með veitt leyfi til að hengja þær upp í grennd við afgreiðsluborð fyrirtækja sinna. Óska ég svo rekendum sólbaðhúsa og starfsfólki þeirra velfarnaðar ævinlega.

Með vinarkveðju.

# Ljósadýrð loftin gyllir

## Flugeldar

**Sigrún A. Þorsteinsdóttir**  
forvarnafulltrúi VÍS



Í augum margra er gamlárskvöld Ískemmtilegasta kvöld ársins. Háværar sprengingar, hvellir og ljósadýrð leika um himininn, kveðja gamla árið og taka á móti því nýja. Á flestum heimilum er karlpeningurinn hrifnari af þessu kvöldi og breytir þá litlu á hvaða aldri hann er. Flugeldar eiga hug þeirra allan og því meiri kraftur, þeim mun betra. En þessi tími er ekki hættulaus. Um hver áramót verða slyss af völdum flugelda og eru brunar þar algengastir. Flestir slasast á höndum en augnáverkem hefur fækkað undanfarin ár, sem þakka má notkun hlífðargleraugna.

Algengasta orsök flugeldaslysa er vangá og/eða vankunnátta, þar sem ekki er farið eftir leiðbeiningum. Flestir slasast um áramótin sjálf en alvarlegustu slysin verða oft dagana á undan eða fyrstu dagana á nýju ári og þá helst hjá unglingsstrákum sem eru að fikta með flugelda, taka þá í sundur og safna púðri saman. Búa til sínar eigin sprengjur og breyta með því eiginleikum flugeldanna.

Að baki hverri tegund flugelda liggja ákveðnar prófanir sem tryggja að flugeldurinn sé sem öruggastur. Ef þeim eiginleikum er breytt er engan veginn hægt að vita hvernig flugeldurinn springur, hversu hratt það gerist eða hver krafturinn verður. Enda verða

Mikilvægt er að foreldrar séu meðvitaðir um hvað börn þeirra eru að gera á þessum árstíma.

áverkar í andliti og á höndum iðulega þegar sprengiefnið springur áður en viðkomandi tekst að koma sér í örugga fjarlægð frá skotstað. Mikilvægt er að foreldrar séu meðvitaðir um hvað börn þeirra eru að gera á þessum árstíma og leyfi þeim ekki að meðhöndla flugelda og fylgihluti án eftirlits.

Lög um flugelda eru ekki sett á ástæðulausu. Hiti sjóðandi vatns er 100°C en þegar flugeldur er skotið upp er hitinn sem þeir gefa frá sér frá 800 til 1200°C. Leiðbeiningarnar á flugeldum taka mið af þessari hættu og ef ekki er farið eftir leiðbeiningum aukast líkur á slysum til muna. Aldursleiðbeiningar er að finna á öllum vörum og upplýsingar um hvernig á að bera sig að við meðhöndlun þeirra. Ef farið er eftir þessum leiðbeiningum má lágmarka hættuna á slysum en aldrei er of varlega farið í umgengni við skotelda. Foreldrar verða líka að sýna gott fordæmi með því að umgangast flugeldana á réttan hátt, fara í hvívetna eftir þeim leiðbeiningum sem fylgja hverjum flugeldi, nota hlífðargleraugu, líka þeir sem horfa á, nota skinn- eða ullarhanska og sleppa því að meðhöndla flugeldana ef áfengi hefur verið haft um hönd. Ef farið er eftir þessu eiga allir að geta átt ánægjuleg og slyssalaus áramót.

## SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnrör. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísir eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



- Lífið heil

www.lyfja.is



ÍSLENSKA SÍLA S. LYF 52015 12/10

## + hættu nú alveg

Reykingamenn sem ætla að sigrast á fíkninni eiga bandamann í Lyfju.

Við viljum leggja okkar af mörkum til að hjálpa þeim sem ætla að losa sig við reykinn og bjóðum allar gerðir og stærðir af Nicorette með 15% afslætti í janúar.

### Aðstoð við þá sem vilja hætta

Í Lyfju Lág múla býðst þér stutt viðtal við lyfjafræðing eða lyfjatækni sem veitir þér stuðning og hollráð til að hætta að reykja. Þú getur fengið heilsufarsmælingar, t.d. á blóðþrýstingi og blóðfitu. Við veitum 30% afslátt af heilsufarsmælingum fyrir þá sem kaupa Nicorette.

Við minnum á reyksímann: 800 6030 og reyklus.is

+ Lyfja býður öll lyfjaform Nicorette.



# 15% afsláttur í janúar



**Nicorette Whitement**  
tyggigúmmí  
2 mg/210 stk.  
~~5.669 kr.~~  
**4.819 kr.**



**Nicorette**  
+ innsogslýf  
10 mg/42 rör  
~~5.099 kr.~~  
**4.329 kr.**



**Nicorette**  
nefúði  
10 mg/10 ml  
~~4.576 kr.~~  
**3.885 kr.**



**Nicorette Invisi**  
forðaplástur  
25 mg/16 klst./7 stk.  
~~4.084 kr.~~  
**3.469 kr.**



**Nicorette Microtab Lemon**  
tungurótartöflur  
2 mg/20 stk.  
~~868 kr.~~  
**738 kr.**

### Nicorette Freshdrops

munnsgöstöflur  
2 mg/24 stk.  
~~1.192 kr.~~  
**959 kr.**



**NÝTT**

Nicorette nikótínlyf eru fánleg án lyfseðils og eru notuð til meðferðar á nikótínfíkn og til að draga úr fráhrarfseinkennum þegar reykning er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagsskammtar eru: Lyfjatyggigúmmí 24 stk., innsogslýf 12 hylki, nefúði 80 úðar, forðaplástur 1 stk., tungurótartöflur 40 stk., munnsgöstöflur 15 stk. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyf. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette og munnsgöstöflur eru ekki ætlaðar yngri en 18 ára nema í samráði við lækni. Pungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við lækni. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.



William Hill segir líkurnar vera 1 á móti 30 að strákarnir okkar verði heimsmeistarar, á betsson.com eru líkurnar 1 á móti 35 og hjá Paddy Power eru líkurnar 1 á móti 17. Íslenska liðið er alls staðar sett í 8. sætið en fyrir ofan okkar menn eru síðan Svíar, Pólverjar og Þjóðverjar. - 66j

Slúðrað um Eið Smára:

## Er ekki að fara til Swansea

**FÓTBOLTI** Nafn Eiðs Smára Guð-johnsen má finna víða í enskum götublöðum um þessar mundir og ýmsar sögusagnir í gangi um hver næsti viðkomustaður hans verður. Meðal þeirra liða sem Eiður er orðaður við er Swansea, sem situr í öðru sæti b-deildarinnar. Þær fréttir virðast úr lausu lofti gripnar en fram kom í Sunnudagsmessunni á Stöð 2 Sport að Eiður hefði staðfest að hann væri ekki á leið til Swansea.

The News of the World heldur því fram að Fulham sé að undirbúa tveggja milljón punda tilboð í Eið og þá hefur West Ham einnig verið nefnt til sögunnar. Eiður var nálægt því að ganga til liðs við West Ham í fyrra en gekk þá í raðir Tottenham. Þá er Íslendingaliðið Reading orðað við Eið í nokkrum blöðum. - egm



# Sprakk út eftir stjóraskiptin í fyrra

Gylfi Þór Sigurðsson lenti í því annað árið í röð að lið hans skipti um þjálfara um leið og hann var búinn að vinna sér fast sæti í byrjunarliðinu. Hann raðaði inn mörkum eftir stjóraskipti Reading á síðustu leiktíð.

**FÓTBOLTI** Gylfi Þór Sigurðsson fékk aðeins að byrja fjóra af þrettán fyrstu deildarleikjum undir stjórn Ralf Rangnick hjá Hoffenheim en var loksins búinn að vinna sér fast sæti og traust þjálfarans þegar Rangnick ákvað að hætta um helgina. Gylfi mætti út til Þýsklands eftir jólafrí heim á Íslandi og á fundi með leikmönnum liðsins var tilkynnt að hinn 42 ára gamli aðstoðarþjálfari liðsins, Marco Pezzaiuoli, væri tekinn við.

„Maður mætti bara á fund í morgun og þar var sagt við mig að það væri kominn nýr þjálfari. Maður eiginlega trúði því varla því ég bjóst ekki við því þegar ég fór í jólafrí að það yrði kominn nýr þjálfari þegar ég kæmi til baka,“ sagði Gylfi þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær.

„Það tók sinn tíma að koma sér almennilega inn í þetta en ég var byrjaður að fá það á tilfinninguna rétt fyrir jól að ég myndi fá að spila miklu meira eftir áramót. Ég var búinn að spila þrjá leiki í röð og það var búið að ganga vel. Maður var farinn að hlakka til að koma aftur út og fara að spila en svo veit maður ekkert hvað gerist núna fyrst það er kominn nýr þjálfari. Maðurinn sem keypti mig er allavega farinn,“ sagði Gylfi en hann skoraði sjö mörk í fimmtán leikjum undir stjórn Rangnick.

Gylfi segir sig og leikmennina þekkja nýja þjálfarann vel. „Hann hefur tekið æfingar á síðustu mánuðum þannig að hann þekkir liðið mjög vel. Ég býst ekki við að hann eigi eftir að breyta mjög miklu en hann kemur kannski með sínar hugmyndir inn í þetta. Vonandi heldur hann svipuðu liði og vonandi spílum við svipaðan bolta því það er búið að ganga ágætlega þrátt fyrir að við höfum verið að gera of mörg jafntefli,“ segir Gylfi.



**MARK Á 92 MÍNÚTNA FRESTI** Gylfi Þór Sigurðsson er búinn að skora 6 mörk í 13 deildarleikjum með Hoffenheim. NORDICPHOTOS/BONGARTS

„Ég hef mínar hugmyndir um af hverju Rangnick fór þótt ég hafi ekki skilið allt á fundinum. Það getur verið hvað sem er, úrslitin í síðustu leikjum, að Luiz Gustavo hafi verið seldur til Bayern eða eitthvað annað. Ég er ekki alveg með það á hreinu af hverju hann fór og vil ekki vera að tala um eitthvað þar sem ég veit ekki alla söguna,“ segir Gylfi, sem segir það hafa ekki hjálpað til að fylgjast með gangi máli að hann týndi ferðatöskunni sinni með tölvunni innanborðs á leiðinni til Þýsklands. Gylfi þarf reyndar strax að pakka aftur niður í tösku því Hoffenheim er á leiðinni í æfingabúðir til Spánar.

„Það verður góð ferð til Spánar á morgun (í dag) og maður verður bara að standa sig þar. Vonandi hefur hann séð það í síðustu leikjum að það hefur gengið ágætlega þegar ég hef fengið að spila og gefur mér tækifærið aftur. Það er snjór hérna og það er hlýrra og betra að æfa á Spáni í fimm til sjö daga. Við þurfum að undirbúa okkur vel fyrir fyrsta leikinn okkar sem er á móti Werder Bremen á útivelli,“ segir Gylfi en hann lenti einnig í því á síðasta tímabili að fá nýjan þjálfara á síðasta tímabili þegar hann var hjá enska liðinu Reading.

„Það þýðir ekkert annað en að líta jákvæðum augum á þessar breytingar. Þetta gerðist líka í fyrra þegar ég var hjá Reading. Ég var nýbyrjaður að spila þegar það kom nýr þjálfari inn. Þá tók varaliðsþjálfarinn við þannig að þetta hefur alveg gerst áður hjá mér. Maður verður bara að halda áfram að spila fótbolta,“ segir Gylfi en hann skorað 12 mörk í 22 deildarleikjum eftir að Brian McDermott tók við liði Reading á síðustu leiktíð. „Það gekk ágætlega eftir að hann kom inn og vonandi verður þetta svipað núna,“ sagði Gylfi að lokum. ooj@frettabladid.is

Jón Arnór verður frá í tvo mánuði vegna hnémeiðsla og Granada steinlá í fyrsta leiknum án hans í gær:

## Ég hélt að krossböndin hefðu farið hjá mér

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson meiddist illa á hné í síðasta leik CB Granada á árinu og mun af þeim sökum missa af tveimur fyrstu mánuðum ársins 2011. Jón Arnór spilar stórt hlutverki í liðinu, sem sést vel á því að liðið steinlá með 27 stiga mun og skoraði aðeins 57 stig í fyrsta leiknum án hans í gær.

„Það er töluvert sjókk að lenda í þessu en þetta hefði getað verið verra. Ég slepp alveg við uppskurð og það er klárlega jákvæði hlutinn við þetta. Ég hélt að krossböndin hefðu farið hjá mér. Ég fann hnykk í hnénu en sem betur fer héldu þau einhvern veginn,“ sagði Jón Arnór.

„Einn af stóru strákunum í hinu liðinu datt á löppina á mér. Það var verið að stíga hann út og hann datt

beint aftur fyrir sig og á mig. Við það rifnar liðbandið að innanverðu og liðþófinn skaddast líka. Þetta er samt sá hluti af liðþófanum sem grær af sjálfu sér og það þurfti ekki aðgerð þar heldur. Það var mikið lán í óláni,“ segir Jón Arnór en viðurkennir að hann hefur verið óheppinn með meiðsli síðan hann kom út til Granada.

„Það er frekar stutt síðan ég lenti í bakmeiðslunum og þetta er algjör óheppni. Þetta var ekki eins og ég hefði stigið vitlaust í löppina sjálfur og rífið þetta heldur var þetta eitthvað sem ég lenti í. Þetta er frekar pirrandi en hvað getur maður gert? Þetta er bara hluti af þessu og maður styrkir sig bara og kemur góður til baka,“ segir Jón Arnór.

Jón Arnór felur samt ekki pirring sinn út í aðgerðaleyssi forráðamanna félagsins. Granada hefur aðeins unnið 3 af fyrstu 14 leikjum sínum og situr í botnsæti deildarinnar. „Ég orðinn svolítið pirraður á þessu. Raunveruleikinn er sá að við erum í neðsta sæti og það þarf heldur betur að breyta einhverju til þess að við getum farið að vinna einhverja leiki. Okkur sárvantar leikmenn og það hefur verið þannig hjá okkur í síðustu leikjum,“ segir Jón Arnór en að hans mati hafa stóru strákarnir í liðinu verið hrikalega daprir.

„Maður er ekkert rosalega bjartsýnn en þeir hljóta að fara að gera einhverjar breytingar og bæta við leikmönnum. Það þarf að gera það til þess að reyna að

bjarga þessu en ef ekki þá er ekkert rosalega spennandi að vera hérna áfram,“ sagði Jón Arnór að lokum. - 66j



NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

SKRÁÐU ÞIG NÚNA  
á worldclass.is og í síma 55 30000







## ASSA SMARTAIR AÐGANGSKERFIÐ SEM LIFIR AF BREYTINGAR

Öryggislausnir verða að vera aðgengilegar og þægilegar svo fólk noti þær. Þegar Smartair lausnin var þróuð voru þarfir í daglegu lífi hafðar að leiðarljósi. Það sem þarf að gera á hverjum degi, í skóla, vinnustað, í líkamsræktinni eða í ráðstefnusal.

Örar breytingar í fyrirtækjum gera öryggismálin og stjórnun þeirra æ flóknari með tilheyrandi kostnaði. Þess vegna varð Smartair til.

Smartair kerfi:

- Þráðlaust aðgangskerfi fyrir nándarlykla og kort, Mifare© eða iCLASS© frá HID©.
- Kortaaðgengi – kort skammtar upplýsingar á milli lesara og stjórn tölvu (off-line) eða þráðlaus samskipti á milli læsinga og stjórn tölvu (online wireless)
- Hægt að nota með öðrum kerfum sem nota Mifare© eða iCLASS© nándarlykla og kort.
- Allt frá fullkomnum þráðlausum kerfum fyrir ónettengdar byggingar til hagkvæmra, öruggra lausna fyrir stakar hurðir.

**ASSA**  
ASSA ABLOY

**TESA**  
ASSA ABLOY

**VÉLAR & VERKFÆRI**

SKÚTUVOGUR 1 C • 104 REYKJAVÍK • Sími: 550 8500 • FAX 5508510 • WWW.VV.IS

## ÚRSLITIN Í ENSKA

### Enska úrvalsdeildin

Liverpool-Bolton	2-1
0-1 Kevin Davies (43.), 1-1 Fernando Torres (49.), Joe Cole (90.+2)	
Man City-Blackpool	1-0
1-0 Adam Johnson (54.)	
Stoke-Everton	2-0
1-0 Kenwyne Jones (23.), 2-0 Sjálfsmark (69.)	
Sunderland-Blackburn	3-0
1-0 Danny Welbeck (11.), 2-0 Darren Bent (19.), 3-0 Asamoah Gyan (89.)	
Tottenham-Fulham	1-0
1-0 Gareth Bale (42.)	
West Brom-Man. Utd	1-2
0-1 Wayne Rooney (3.), 1-1 James Morrison (14.), 1-2 Javier Hernández (75.)	
West Ham-Wolves	2-0
1-0 Sjálfsmark (51.), 2-0 Freddie Sears (79.)	
Birmingham-Arsenal	0-3
0-1 Robin van Persie (13.), 0-2 Samir Nasri (58.), 0-3 Sjálfsmark (66.)	
Chelsea-Aston Villa	3-3
1-0 Frank Lampard, v. (23.), 1-1 Ashley Young, v. (41.), 1-2 Emile Heskey (47.), 2-2 Drogba (84.), 3-2 John Terry (89.), 3-3 Ciaran Clark (90.+1).	
Wigan-Newcastle	0-1
0-1 Shola Ameobi. (19.)	

### STADAN Í DEILDINN

Man. United	19	11	8	0	41-18	41
Man. City	21	12	5	4	33-16	41
Arsenal	20	12	3	5	42-22	39
Tottenham	20	10	6	4	30-23	36
Chelsea	20	10	5	5	36-18	35
Sunderland	21	7	9	5	24-22	30
Bolton	21	7	8	6	33-28	29
Stoke City	20	8	3	9	25-24	27
Liverpool	19	7	4	8	23-24	25
Newcastle	20	7	4	9	29-31	25
Blackpool	18	7	4	7	26-30	25
Blackburn	21	7	4	10	26-34	25
Everton	20	4	10	6	21-24	22
West Brom	20	6	4	10	26-36	22
Aston Villa	20	5	6	9	23-37	21
West Ham	21	4	8	9	22-33	20
Wigan	20	4	8	8	17-32	20
Fulham	20	3	10	7	19-24	19
Birmingham	19	3	10	6	18-24	19
Wolves	20	5	3	12	20-34	18

Næstu leikur fara fram á morgun (þrír þ.á m. Man. United-Stoke) og á miðvikudaginn (sjö, þ.á m. Arsenal-Man. City, Wolves-Chelsea, Blackburn-Liverpool og Everton-Tottenham).

# Chelsea-liðið ekki lengur á topp 4

Englandsmeistarar Chelsea fengu á sig jöfnunarmark gegn Aston Villa í uppbótartíma. Öll önnur lið í toppbaráttunni náðu að vinna sína leiki um helgina. Sigurmark Javier Hernandez hélt Man. United á toppnum.

**FÓTBOLTI** Carlo Ancelotti, knattspyrnustjóri Chelsea, segir að hans lið sé enn með í baráttunni um enska meistaratitilinn þrátt fyrir að hafa fengið á sig jöfnunarmark gegn Aston Villa í uppbótartíma í gær. Úrslitin í leiknum urðu 3-3 þar sem lokamínúturnar voru uppfullar af dramatík og spennu.

Eftir að hafa lent undir 1-2 náði Chelsea að snúa blaðinu við og þegar John Terry kom liðinu yfir 3-2 á 89. mínútu brutust út gríðarleg fagnaðarlæti. Heimamenn héldu að þeir væru að fagna sigurmarkinu en einbeitingarleysi kostaði það að Ciaran Clark jafnaði í uppbótartímanum.

Chelsea er nú í fimmta sæti deildarinnar. „Þetta er alls ekki búið því við erum að bæta okkur og ég held að við getum afrekað marga á þessu tímabili. Það er ekki langt í toppinn og allt er opið,“ sagði Ancelotti eftir leikinn. „Þegar Manchester United heimsækir okkur í mars þurfum við að taka öll stigin.“

Hann var ánægður með spilamennskuna gegn Villa þótt sigur hefði ekki unnist. „Við vorum frábærir í seinni hálfleiknum, lékum virkilega vel og af miklum krafti. Ég var ánægður með andann í liðinu. Ég er mjög svekktur yfir þessu einbeitingarleysi í lokin sem kostuðu okkur öll stigin. Við getum engum kennt um nema okkur sjálfum,“ sagði Ancelotti.

Þetta var gott stig fyrir Aston Villa og minnkar aðeins pressuna á knattspyrnustjórnann Gerard Houllier en liðið hefur tapað sex af síðustu sjö



**FÖGNUMU OF SNEMMA** Leikmenn Chelsea fögnuðu gríðarlega þegar John Terry kom þeim í 3-2 en skömmu síðar var Aston Villa búið að jafna leikinn. MYND/AP

leikjum sínum. „Við sýndum karakter og hugrekki. Við brotnuðum ekki þrátt fyrir mót-læti,“ sagði Houllier.

„Þegar við komumst yfir vissum við að Chelsea myndi leggja allt í sölnurnar til að jafna og þeim tókst það. Ég hefði orðið mjög vonsvikinn ef við hefðum ekki fengið neitt út úr leiknum.“

Leikurinn var spilaður af hörku og miklu um gul spjöld. Sjö leikmenn Villa voru áminntir en Houllier hefur litlar áhyggjur af 25 þúsund punda sektinni sem félagið mun fá frá enska knattspyrnusambandinu. „Ég skal bara borga þessa sekt ef þess þarf,“ sagði Houllier kíminn.

Á nýársdag unnu fjögur efstu lið deildarinnar öll sína leiki. Manchester United var stálheppið að ná að leggja West Bromwich

Albion. Javier Hernandez reyndist hetja United en hann skoraði sigurmarkið á 75. mínútu.

Gary Neville átti í miklum vandræðum í leiknum og hefði með réttu átt að fá dæmda á sig vítaspyrnu og rautt spjald í fyrri hálfleiknum. Chris Foy dómari sleppti því að flauta.

Sir Alex Ferguson viðurkennir að Neville hefði átt að fá rautt. „Gary var heppinn að haldast á vellinum,“ sagði Sir Alex. „Þetta átti að vera víti. Fyrst fannst mér hann ná að snerta boltann en þegar ég horfði á endursýningu sá ég að svo var ekki. Hann var heppinn.“

Wayne Rooney skoraði fyrsta mark leiksins en það var hans fyrsta mark úr opnum leik síðan í mars á síðasta ári. „Á heildina litið fannst mér frammistaða hans í heimsklassa. Hann hefði getað skorað fleiri mörk en vonandi kemur þetta honum í gang,“ sagði Sir Alex.

elvageir@frettabladid.is

# Eitt fjall á viku með FÍ 2011



**Gakktu á eitt fjall í viku með Ferðafélagi Íslands á nýju ári.**

**Nýársgjöfin frá þér til þín er bætt líðan og betra form á nýju ári. Upplifðu íslenska náttúru í skemmtilegum félagsskap undir öruggri fararstjórn og lærðu að þekkja landið.**

Esjan, Keilir, Helgafell, Botnssúlur, Hvannadalshnúkur, Akrafjall, Réttarfell, Löðmundur og 44 önnur fjöll.

Dagsferðir allt árið og tvær helgarferðir að auki.


Komdu með okkur og finndu náttúrubarnið í hjarta þínu.

Verð kr. 52.000.

Verkefnisstjóri: Páll Ásgeir Ásgeirsson.

Kynningarfundur í sal Ferðafélags Íslands, Mörkinni 6 miðvikudag 5. janúar kl. 20.00.

Skráning á skrifstofu Ferðafélags Íslands í síma 5682533. Heimasíða FÍ [www.fi.is](http://www.fi.is)



# Eitt mesta úrval námskeiða er í Sporthúsinu

Veldu aðhald, skemmtun, gleði og árangur með okkur



## Dansskóli Birnu Björns

spennandi og vandað dansnám fyrir allan aldurshóp  
17. jan

## Rope Yoga

andleg og líkamleg heilsurækt  
11. jan

## ZUMBA

dansaðu þig í form við taktfasta latin tónlist  
10. & 11. jan

## Happy Yoga

losar um stíflu, óhreinindi & spennu  
11. jan

## Fit Pilates/Fit Pilates Power

sléttur magi & stinnur rass  
10. & 11. jan

## Cage Fitness

nýjasta æðið í Bandaríkjunum  
fjölbreyttar og krefjandi æfingar með púðum  
17. jan

## Áskorun

aðhald 5 daga vikunnar  
10. jan

## Weigh to Go

fyrir konur sem vilja taka aðhaldið skrefinu lengra  
aðhald 6 daga vikunnar  
11. jan

## Íþróttaskóli Latabæjar

fyrir hressa krakka á aldrinum 3-6 ára  
12. & 15. jan

## Hof Yoga

Nýjung: Vinyasa flæði, Ashtanga og Yin Yoga  
10. & 11. jan

## Hóþbjálfun fyrir konur & karla

veldu 3 tíma af 6 í viku sem henta þér!  
10. jan

## HádegisPúl fyrir konur

í frábærum hópi kvenna  
11. jan

## Ketilbjöllur

kraftur - snærpa - liðleiki  
10. & 11. jan

## Mömmu- & meðgönguleikfimi

krefjandi þjálfun fyrir verðandi og nýbakaðar mæður  
11. jan

## CrossFit

lífstill heilbrigðis og vellíðunar  
5. & 12. jan

## TRX

lengri og fallgri vöðvar  
11. jan

## Morgungleði fyrir konur

Morguntímar með menntuðum einkabjálfa  
11. jan

## Power Burn

átök, fræðsla, mælingar og persónuleg ráðgjöf  
10. jan

Allar nánari upplýsingar um námskeiðin finnst þú á [www.sporthusid.is](http://www.sporthusid.is)

# SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

Dalsmára 9-11  
[gunnhildur@sporthusid.is](mailto:gunnhildur@sporthusid.is)  
564-4050

**> Billy Bob Thornton**

„Ég er ekki flughræddur; ég hræðist það að hrapa.“

Billy Bob Thornton leikur kennara sem hefur augstað á ungru stúlku en kemst síðar að því að nemandi hans hefur augstað á sömu stúlku-unnni í kvikmyndinni *School for Scoundrels* sem er á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 20.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ SUNNA VALGERÐARDÓTTIR HORFÐI Á SKAUPIÐ OG HLÓ LÍTIÐ

### Ísland – er eitthvað sem þú ekki getur?

Fyrir marga er einn af hápunktum áramóta án efa Skaupið. Eða sú eftirvænting sem ríkir á hverju heimili þegar kalkúnn og rauðvín sjatna í stúfnum mögum og flugeldarnir bíða í pokum eftir að verða sprengdir. Inni á milli þess tíma er Áramótaskaupið. Margir hafa eflaust velt því fyrir sér á þessu mikla ári sem var að líða hvað myndi rata þangað inn og hvað ekki.

Gosin. Þingin. Jónarnir. Ólarnir. Allt saman atriði sem fæstum komu á óvart. Niðurskurður Ríkisútvarpsins og allt sem honum fylgir varð líka veigamikill þráður og fannst undirritaðri skemmtipátturinn Hrævélín nokkuð vel heppnaður. Bókmenntaþáttur í sjónvarpi og kvikmyndaþáttur í útvarpi: „RÚV - með puttann á púlsum“, kom mér líka til að hlæja.

Inspired by Iceland – hugmyndin þótti mér góð. Þessi útávið peppun til landans og heimsins alls; Að sýna hvers við erum megnug, þessi litla þjóð á norðurhara sem hefur

gert svo margt merkilegt í gegnum tíðina. Það að sýna öllum að þrátt fyrir hrun og kreppu erum við enn Bezt í heimi og hress. Frekar hallærislegt, og svo virtist sem höfundum Skaupsins í ár hafi líka þótt það.

Par til í lokaatriðinu. Einhvern veginn tókst þeim að taka allt prógrammið og snúa því upp í andhverfu sína – vegna þess að þótt hún Ágústa Eva okkar sé hin fínasta leik- og söngkona get ég ómögulega séð hvaða erindi hún á í að syngja inn árið 2011 með ófyndnum texta við amerískt hip-hop lag. Ágústa stappaði í okkur Íslendinga stálinu með því að segja okkur að við ættum að nýta fámennið, taka höndum saman, hlæja og vera þakklát. Þrátt fyrir allt erum við nú einu sinni á Íslandi og við sem búum á þessari voluðu eyju, jafn mörg og íbúar í úthverfi erlendrar stórborgar, erum Íslendingar. Og það er ekkert sem við ekki getum. Því við erum Bezt í heimi og förum víst aftur þannig inn í nýtt ár. Hjúkk.



#### ☀ SJÓNVARPIÐ

- 16.40 Eva María og Páll Skúlason
- 17.20 Landinn e.
- 17.50 Táknafréttir
- 18.00 Sammi (35:52)
- 18.07 Franklín (45:65)
- 18.30 Sagan af Enyó (1:26)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 19.55 Margt býr í hundum
- 20.55 Ferð til fjár (1:2) Í þáttunum er fjallað um fjármál einstaklinga og algengar ranghugmyndir um peninga, sparnað og eyðslu. Hugtök tengd fjármálum eru útskýrð á mannamáli og áhorfendur vaktir til umhugsunar um eigin fjármál. Þættirnir eru byggðir á bókinni Ferð til fjár eftir Breka Karlsson.
- 21.25 Svona á ekki að lifa (1:6) Bresk gamanþáttaröð um ungan og taugaveiklaðan einhleypan mann með fjórugrt ímyndunarafli sem á erfitt með að fóta sig í lífinu.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.10 Veðurfréttir
- 22.15 Lukkubær (4:8) Aðstoðarlögrelustjóri í smábæ í Minnesota situr uppi með nokkur óupplýst barnaránmál frá liðnum árum.
- 23.00 Glíman á Sardiníu Þáttur um keppni tveggja Íslenskra glímukappa í þjóðarfangi Sardiníumanna, Sa strumpa. e.
- 23.25 Kastljós
- 00.05 Fréttir
- 00.15 Dagskrárlok

#### ☀ BÍÓ

- 08.00 The Groomsman
- 10.00 Mr. Wonderful
- 12.00 The Spiderwick Chronicles
- 14.00 The Groomsman
- 16.00 Mr. Wonderful
- 18.00 The Spiderwick Chronicles
- 20.00 School for Scoundrels
- 22.00 Rob Roy
- 00.15 Miller's Crossing
- 02.10 Friday the 13th
- 04.00 Rob Roy

#### ☀ STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors
- 10.15 Lie to Me (7/22)
- 11.00 White Collar
- 11.45 Falcon Crest (8/28)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Frasier (17/24)
- 13.25 How to Eat Fried Worms
- 14.45 ET Weekend
- 15.30 Ofurmennið
- 15.55 Barnatími Stöðvar 2
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.33 Nágrannar
- 17.58 The Simpsons (17/22)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag, Veður
- 19.20 Two and a Half Men (1/19)
- 19.45 The Big Bang Theory (1/17) Leonard og Sheldon eru eldklárnir eðlisfræðingar og hreinræktaðir nördar sem þekja eðli alheimsins mun betur en eðli mannsins.
- 20.10 Glee (8/22) Önnur gamanþáttaröðin um metnaðarfullu menntaskólameana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppni á landsvísu.
- 20.55 Undercovers (5/13) Skemmtilegir spennuþættir um Bloom-hjónin sem eru fyrrverandi CIA-njósnarar og reka nú litla veislupjónustu í Los Angeles.
- 21.40 Burn Up Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar sem gerist í heimi olíuviðskipta.
- 23.10 The Bill Engvall Show (3/8) Frábær gamanþættir með Bill Engvall úr Blue Collar Comedy.
- 23.35 Remnants of Everest: The 1996 Tragedy
- 01.05 Modern Family (5/24)
- 01.30 Chuck (7/19)
- 02.15 Burn Notice (3/16)
- 03.00 How to Eat Fried Worms
- 04.20 Glee (8/22)
- 05.05 The Simpsons (17/22)
- 05.30 Fréttir og Ísland í dag

#### ⚡ SPORT besta sætið

- 07.00 Spænski boltinn: Barcelona - Levante
- 18.15 Spænski boltinn: Barcelona - Levante
- 20.00 Champions Tour 2010 - Year in Review Upplifun á öllu því besta í mótarið eldri kylfinga (Champions Tour) árið 2010 þar sem Bernhard Langer fór á kostum.
- 20.50 Spænski boltinn: Getafe - Real Madrid Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
- 23.00 Til síðasta manns (7:8) Raunveruleikaröð þar sem fylgst er með hópi ungra íþróttamanna sem sérhæfa sig í ólíkum bardagalistum. Í þáttunum heimsækja þeir afsökta staði víðs vegar um heiminn þar sem þeir kynna nýjum bardagaáferðum og etja kappi við frumbyggja.
- 23.55 Main Event Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
- 00.45 Spænski boltinn: Getafe - Real Madrid Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.

#### ⚡ SPORT 2 enski boltinn

- 07.00 Wigan - Newcastle
- 16.05 Chelsea - Aston Villa
- 17.50 Sunnudagsmessan Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Líflæg og fagleg umræða um enska boltann.
- 18.50 Premier League Review 2010/11 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
- 19.45 PL Classic Matches: Tottenham Hotspur - Portsmouth
- 20.15 Liverpool - Bolton
- 22.00 Premier League Review 2010/11
- 23.00 Ensku mörkin 2010/11
- 23.30 Birmingham - Arsenal

#### 🕒 SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Rachael Ray (e)
- 09.30 Pepsi MAX tónlist
- 15.20 How To Look Good Naked (6/12) (e)
- 16.10 Rachael Ray
- 16.55 Dr. Phil
- 17.40 Seven Ages of Drinking (e)
- 18.35 America's Funniest Home Videos (39/46)
- 19.00 Judging Amy (21/23)
- 19.45 Will & Grace - NÝTT! (1/22) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum.
- 20.10 90210 (9/22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmennta í Beverly Hills.
- 20.55 Life Unexpected (5/13) Bandarísk þáttaröð sem vakið hefur verðskuldaða athygli. Lux reynir að eignast nýja vini í skólanum með því að halda parti heima hjá Baze. Það fer þó fljótt úr böndunum.
- 21.45 CSI: New York (22/23) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félagar hans í lögrelunnar í New York.
- 22.35 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum.
- 23.20 Dexter (7/12) (e)
- 00.10 Flashpoint (1/18) (e)
- 00.55 Will & Grace - NÝTT! (1/22) (e)
- 01.20 Life Unexpected (5/13) (e)
- 02.05 Pepsi MAX tónlist

#### 🕒 SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America
- 12.15 Golfing World
- 13.05 Dubai World Championship (1:4) Lokamótið í Evrópumótariðinni fer fram á glæsilegum golfvelli í Dubai.
- 17.05 Ryder Cup Official Film 2006
- 18.20 Golfing World Daglegur fréttaröð.
- 19.10 ETP Review of the Year (1:1)
- 20.00 Dubai World Championship (2:4)
- 00.00 PGA Tour Yearbooks (6:10)
- 00.45 ESPN America

#### ⚡ EXTRA

- 19.30 The Doctors
- 20.10 ER (9:22)
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.50 Hlemmavídeó (10:12) Frábær gamanþættir með Péttri Jóhanni Sigfússyni sem leikur Sígga sem er fráskilinn og býr einu rétt hjá Hlemmi og rekur gamla vídeóleigu sem hann erfði eftir föður sinn.
- 22.20 Chase (1:18) Hörkuspennandi þáttaröð frá Jerry Bruckheimer um lögrelukonuna Annie Frost sem leggur sig alla fram við að vera skrefinu á undan glæpamönnum. Þeir geta hlaupið en þeir geta ekki falið sig.
- 23.05 Numbers (10:16) Sjötta þáttaröðin í vönduðum spennuflokki sem fjalla um tvo ólíka bræður sem sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála.
- 23.50 Mad Men (5:13) Þriðja þáttaröðin þar sem fylgst er með daglegum störfum og einkalífi auglýsingapésans Dons Drapers og kollega hans í hinum litríka auglýsingageira á Madison Avenue í New York.
- 00.40 ER (9:22)
- 01.15 The Doctors
- 02.05 Fréttir Stöðvar 2
- 02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

#### N4

- 18.15 Tveir gestir Hulda Sif Hermansdóttir spjallar við Birgi Guðmundsson, dósent við Háskólann á Akureyri.
- 18.45 Að norðan Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

#### 19.00 Fróðleiksmólinn

#### INN

- 20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu
- 20.30 Nýju fötin keisarans Lokabátturinn frá Steinunni Kettilis og félagum (e)
- 21.00 Frumkvöðlar
- 21.30 Eldhús meistarana INN í eldhúsinu á Aðalþingi.

#### 🕒 OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

#### ÚTVARP FM

- |                  |                     |               |                      |                 |                         |                       |
|------------------|---------------------|---------------|----------------------|-----------------|-------------------------|-----------------------|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið    | FM 99,4 Útvarp Saga     | FM 102,9 Lindin       |
| FM 90,1 Rás 2    | FM 91,9 Kaninn      | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

TRX Spinning  
SpinningFit  
TRX Combó  
Zumba Fitness

**WorldClass**  
ICELAND

SKRÁÐU ÞIG NÚNA  
á worldclass.is og í síma 55 30000

Í KVÖLD



STÖÐ 2 KL. 20.15

Glee

Nýja árið hefst með látum í Glee. Brúðkaupsæði grípur um sig og verðlaunaleikkonan Carol Burnett leikur gestahlutverk. Kurt er enn að verða fyrir barðinu á hrekjúsíninu Dave Karofsky og það á heldur betur eftir að draga dílk á eftir sér.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútlarp hefst 06.40 Veðurfregnir  
06.50 Bæn 07.03 Vött og breitt 07.30 Fréttayfirlit  
08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.03 Veðurfregnir 10.13 Stefnumót 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar 13.00 Hríngsól 14.03 Bak við stjórnunar 15.03 Útlarpssagan: Höll minninganna 15.25 Fólki og fræði 16.00 Stöðgisfréttir 16.05 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfregnir 18.53 Dánarfregnir 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leymifélagið 20.30 Kvika 21.10 Ópus 22.05 Veðurfregnir 22.10 Orð kvöldsins 22.15 Útlarpssáttir: Gunnvör Braga 23.05 9 og 1/2 sínfóna 00.05 Næturtonar

BBC entertainment

11.05 EastEnders 11.35 Lark Rise to Candleford  
12.30 Fawlty Towers 13.00 Vicar of Dibley 13.30 Vicar of Dibley 14.00 Vicar of Dibley 14.30 Doctor Who 15.30 Doctor Who Confidential 16.25 Lark Rise to Candleford 17.15 Deal or No Deal 17.50 Deal or No Deal 18.30 Only Fools and Horses 19.00 Live at the Apollo 19.45 Live at the Apollo 20.30 Q! Children in Need Special 21.00 The Weakest Link 21.50 Vicar of Dibley 22.20 Vicar of Dibley 22.50 Vicar of Dibley 23.20 EastEnders 23.50 Only Fools and Horses 00.25 Live at the Apollo

DR 1

11.00 DR Update - nyheder og vejr 11.10 Natur til hele banden 11.30 Min italienske drøm 12.30 Chris på chokoladefabrikken 13.00 Valg 2011 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.05 Arven efter Stieg Larsson 15.00 Noddy 15.10 Rasmus Klump 15.15 Babar 15.30 Ni-Hao Kai Lan 15.50 Mor Muh og Krægen 16.00 Landsbyhospitalet 16.50 Det søde liv 17.00 Jamie Olivers eget køkken 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet 19.00 Enæggede tvillinger 20.00 TV Avisen 20.25 SportNyt 20.30 Ken Føllets Jordens søjler 22.15 En seriemorder skabes 23.15 Godnat

NRK1

10.45 Ut i nærturen 11.00 NRK nyheter 11.10 Glimt av Norge 11.20 Tour de Ski 12.35 Hoppuka 14.35 Tour de Ski 15.30 Norge rundt 16.00 NRK nyheter 16.10 Kohrt på jobben 16.40 Oddasat - nyheter på samisk 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Førkveld 17.40 Distriktsnyheter 18.45 Puls 19.15 Kjendisbamevakten 19.55 Distriktsnyheter 20.30 Koselig med peis 21.30 Sangskatter med Unni Wilhelmsen 22.00 Kveldsnytt 22.15 Kalde spor 23.55 Lille Billefjord 00.20 Sport Jukeboks 02.00 Country jukeboks u/chat

SVT 1

12.35 Vi hänger með 13.05 Säterliv 13.30 Regional árskrönika 14.30 Rapport 14.35 Skidor. Världscupen Oberstdorf 15.30 Inför Idrottsgalan 2010 15.40 Herr och fru Papphammar 15.55 Hipp Hipp 16.25 The Seventies 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Det goda livet 18.05 Svenska hemligheter 18.20 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Aret med kungafamiljen 20.00 Drottningoffret 21.00 Morgan Pålsson - Världsreporter 22.30 Morden i Midsomer 00.00 Is på rälsen

Opið í dag  
11 til 19

# Útsala

Allt að

# 70%

afsláttur af völdum vörum

Óskum landsmönnum gleði og gæfu á nýju ári með þökk fyrir viðskiptin á liðnum árum.

## DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND  
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

FORSÍDA

VIÐSKIPTI

ÍPRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

## FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, fréttar og myndskaiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útlarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.



Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

m.visir.is

Fáðu Vísi í símann og í iPad!



# VÍSIR.IS



„Þessa dagana ligg ég yfir fótboltanum. Það má segja að þetta sé uppáhaldstíminn minn í sjónvarpinu yfir jól og áramót þegar enska deildin er spiluð fram og til baka. Ég er United-maður og er mjög sáttur við mína menn.“

Jói Fel, bakari og sjónvarpsmaður.

# Sigrún Lilja einn höfunda sjálfshjálparbókar

Sigrún Lilja Guðjónsdóttir verður einn af höfundum bandarísku bókarinnar The Next Big Thing en þar fjalla frumkvöðlar, aðallega bandarískir, um hvernig þeir hafa komið hugmyndum sínum í framkvæmd. Sigrún Lilja er á forsíðu kápannar og virðist aðalstjarna ritins ef marka má hana. Sigrún Lilja er ekki eini Íslendingurinn sem skrifar í bókina því Jón Bjarnason viðskiptaþjálfari skrifar einnig kafla í bókina.

Sigrún Lilja hefur vakið töluverða athygli fyrir hönnun sína undir merkjum Gyðju og nú síðast ilmvatnið sitt, EFJ, sem unnið er úr vatni frá Eyjafjallajökli. „Ég var í sambandi við systur-fyrirtæki Celebrity Press sem gefur út bókina. Var að kanna möguleika á samstarfi á öðrum vettvangi. Þetta barst síðan bara á milli fyrirtækjanna og þeir hjá útgáfufyrirtækinu buðu

mér að vera með í þessari bók. Þeim fannst ég hafa farið óhefðbundnar leiðir og fannst forvitnilegt hvernig ég hafði byggt fyrirtækið upp,“ segir Sigrún í samtali við Fréttablaðið en Celebrity Press gefur aðallega út fyrirtækjavænar bækur og bækur um hvernig fólk getur náð langt í sinni atvinnugrein.

Sigrún segir að hennar helsta ráð fyrir nýtt ár sé að fólk skapi sér tækifærin sjálf. „Framundan gætu verið mestu og bestu tímarnir fyrir skapandi greinar og ég held að það sé mikilvægast fyrir fólk að leyfa sköpunargáfunni að ráða för. Fólk á að vera frumlegt og leita nýrra leiða og muna að tækifærin koma ekki upp í hendurnar á manni.“ Bókin sem Sigrún og Jón skrifa í verður fánleg í völdum verslunum á Íslandi síðar á árinu sem og Amazon.com.



**HJÁLPAR ÖÐRUM** Sigrún Lilja skrifar kafla í bandarísku bókina The Next Big Thing en útgefendur hennar hrifust af því hvernig hún hafði byggt upp fyrirtækið sitt Gyðju. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Áramótaskaupið á gamlárskvöld var í beittara lagi og virðist almennt vera talið vel heppnað. Handritshöfundarnir Halldór Högurður, **Anna Svava Knútsdóttir**, Ari Eldjárn, Sævar Sigurgeirsson, Ottó Geir Borg og Gunnar Björn Guðmundsson létu RÚV ganga á eftir sér með grasið í skónum áður en þau féllust á að taka verkefnið að sér. Þau gerðu svo talsvert mikið grín að RÚV í skaupinu og það má því velta fyrir sér hvort þau hafi með því keypt sér frí á þessu ári.



Grínistarnir Egill Einarsson, **Auðunn Blöndal** og Steindí Jr. fóru saman til New York í desember og létu jólastressið liða úr sér. Þeir fóru svo saman til Atlantic City, sem er eins konar litil Las Vegas á austurströnd Bandaríkjaanna. Strákarnir ferðuðust með stæl, en sagan segir að ekkert minna en risavaxinn eðlvað hafi dugað til að ferja þá í spilaborgina.

Og nýju ári var fagnað víða á nýársdag. Vesturport-hópurinn hittist í lúsusölum og skemmti sér vel, enda vel heppnað ár að baki. Gísli Örn, **Nína Dögg**, Björn Thors, Víkingur Kristjánsson og Björn Hlynur mættu að sjálfsögðu á svæðið ásamt Óskari Jónassyni, Ragnhildi Gísladóttur, Gunnari Hanssyni, Dóra DNA og Ragnari Hanssyni, en tveir síðastnefndu vinna nú að sjónvarpsþáttum ásamt grínistunum Ara Eldjárn, Bergi Ebba og Jóhanni Alfreð. - afb



**UNGLINGASTJÓRNUR** Alexander Briem, Haraldur Ari og Atli Óskar eru stjórnur dagsins í dag en Alexander og Atli leika aðalhlutverk in Gauragangi. Atli og Haraldur voru mjög í sviðsljósinu þegar Órói var frumsýnd. Alexander og Haraldur halda á mynd af félaganum sínum sem svaf yfir sig í myndatökunni. Myndatakan var klukkan 14. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ALEXANDER BRIEM: STEND UPPI SEM LÚMSKUR SIGURVEGARI

# Strákarnir sem eiga hugi og hjörtu íslenskra ungmenna

Alexander Briem, Atli Óskar Fjalarsson og Haraldur Ari Stefánsson eru heitustu drengirnir á Íslandi í dag. Atli Óskar og Haraldur Ari urðu miklir mátar þegar þeir fóru á kostum í unglíngamyndinni Óróa sem naut mikilla vinsælda í sumar. Atli Óskar fer með stórt hlutverk í kvikmyndinni Gauragangi sem frumsýnd var á annan í júlum og þar þykir Alexander Briem fara á kostum í hlutverki Orms Óðinssonar.

Það sem gerir þetta enn skemmtilegra er að Alexander og Haraldur eru bestu vinir. „Við kynntumst í gegnum sameiginlega vini í menntaskóla og vorum svona kunningjar þá. Síðan urðum við bestu

vinir þegar við fórum að vinna saman á Karamba,“ segir Haraldur Ari, sem er skráður töframaður í símaskrá og er liðsmaður í Retro Stefson, einni vinsælustu hljómsveit landsins.

Haraldur Ari segist ekki hafa gengið með kvikmyndastjórnu-drauminn í maganum en hann á ekki langt að sækja hæfileikana, faðir hans er Stefán Jónsson, prófessor í leiklist við Listaháskóla Íslands. „Ég var viðloðandi leikhúsin frá barnsaldri og hafði þetta alltaf bak við eyrað. Svo kom þetta hálfpartinn aftan að manni í menntaskóla þegar maður fór að leika með leikfélaginu þar,“ segir Haraldur, sem býst fastlega við því

að gera eitthvað meira með leiklistina í framtíðinni. Alexander hefur hins vegar alltaf gengið með þann draum í maganum að verða kvikmyndastjarna og er kominn nokkuð langt á leið með þann draum.

Gauragangur hefur fengið prýðisgóða dóma en Alexander hefur hins vegar enn ekki fengið að kynna einum af sætum bikurum frægðarinnar, vinabeidnir frá hinu kyninu á Facebook eru ekki enn orðnar óeðlilega margar. „Ekkert í líkingu við það sem Óróastrákarnir hafa sagt mér, þeir státa af miklu, miklu fleiri. En það er aldrei að vita, kannski stend ég uppi sem lúmskur sigurvegari að lokum.“

freyrgigja@frettabladid.is

## Árangur fer eftir gæðum Hvaða Spirulina ert þú að taka?

29 vítamín og steinefni · 18 aminósýrur · Blágræna · Omega GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans  
Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.



**Aukið úthald,  
þrek og betri líðan  
Árangur strax!**

Blágrænir þörungar frábærir fyrir ræktina, skólann og vinnuna

Spirulina inniheldur mikið af blágrænu og glyccogen, því meira glyccogen sem er til staðar í líkamanum við æfingar því betri árangur. Blágræna eykur súrefnisflutning í blóðinu. Ef Spirulina er tekið inn 1/2 tíma fyrir æfingar eða annað álag gefur það aukið þrek, úthald og einbeitingu. Dregur úr þirringi, sleni og sætindabörf, truflar ekki svefn. Gæðastaðall ISO9001, ISO1401.



Fæst í apótekum, heilsubúðum og Fríhöfninni.

www.celsus.is

# Hollywoodstjarna í Pressu 2

Gísli Örn Garðarsson leikur stórt hlutverk í sjónvarpsþáttaröðinni Pressu 2. Eins og nafnið gefur til kynna er þáttaröðin sjálfstætt framhald af Pressu sem sýnd var á Stöð 2 fyrir tveimur árum. Bláðið er enn sem fyrr miðpunktur sjónvarpsþáttanna og þau Sara Dögg Ásgeirsdóttir, Kjartan Guðjónsson og Þorsteinn Bachmann munu endurtaka hlutverk sín.

Sigurjón var auðvitað feykilega ánægður með að hafa landað Gísla Erni. „Hann leikur þarna mikinn athafnamann, viðskiptamógul sem styr stendur um. Hann er virkur þátttakandi í miklu stríði sem fer fram á síðum blaðsins,“ útskýrir Sigurjón en meðal annarra sem munu leika í seríunni er Jóhannes

Haukur Jóhannsson. Upptökur á þættinum eiga að hefjast upp úr áramótum og er ráðgert að fyrsti þáttur fari í loftið í mars. „Þetta verður páskaserían,“ segir Sigurjón.

Þáttaröðin verður að sögn Sigurjóns eilítið öðruvísi en sú fyrri, það verður meiri hasar í henni. „Það var auðvitað mikill hasar í þeirri fyrstu. Það verður einnig lögd meiri áhersla á glæpina sem slíka en akkúrat blaðið, þótt það verði auðvitað í stóru hlutverki, og svo verða glæpamennirnir hættulegri en nokkru sinni fyrr.“



**GÍSLI Í PRESSU** Gísli Örn Garðarsson mun leika eitt aðalhlutverkanna í Pressu 2. Sigurjón Kjartansson, yfirhandritshöfundur þáttanna, lofar meiri hasar.

- fgg

# ÚTSALAN HEFST Í DAG

*Regatta*   
GREAT OUTDOORS™

# 50-80% AFSL.

**Dare2b**

**CRAGHOPPERS**

**OPIÐ**

VIRKA DAGA 11 – 18

LAUGARD. 11 – 16

SUNNUD. 13 – 16

**ÚTIVIST**  
*verslun  
heildverslun* **&SPORT**

Faxafen 12 S. 533-1550.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Í vinnunni yfir jólin

Á meðan landar **Stefáns Karls Stefánssonar** leikara bjuggu sig vandlega undir mesta sprengrjúkvöld ársins var Stefán staddur í flugvél á leið frá Toronto heim til fjölskyldu sinnar í San Diego. Stefán eyddi allri jólahátíðinni fjárrí eiginkonu og börnum í Toronto í Kanada þar sem hann fór á kostum í hlutverki græna Tröllsins í söngleiknum



How the Grinch Stole Christmas eða Hvernig Trölli stal jólonum sem sýndur hefur verið um öll Bandaríkin. Sýningarnar sjálfar telja tugum og var Stefán stundum að leika í þremur sýningum á dag.

### Nýárið á borginni

Nýárskvöld var haldið hátíðlegt á Borginni en til gleðskaparins mættu karlmenn í kjólfötum og konur í síðkjólum. Meðal þeirra sem svifu um dansgólfið að hátíðarmálsverði loknum voru Þóra Guðmundsdóttir, jafnan kennd við Atlanta, Ellý Ármanns, **Manúela Ósk Harðardóttir**, fyrrverandi fegurðardrottning, Kolbrún Pálína Helgadóttir ritstjóri og Egill „Gillz“ Einarsson. Einnig heiðraði Ásdís Rán samkunduna ásamt eigingmanni sínum Garðari Gunnlaugssyni. Þá sat til borðs á Borginni athafnamaðurinn Magnús Scheving, sem jafnframt var valinn best klæddi maður kvöldsins.



- jma

## Mest lesið VISIR.IS

- 1 Katrín Júlíusdóttir trúlofuð
- 2 Dorrit undirbjó uppvaskið
- 3 Ungur drengur lést úr svínafleusu í gær
- 4 Skotinn til bana með Coke í hendinni
- 5 Vekjaraklukkan klikkaði á nýja árinu

FORSÍÐA VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



m.visir.is  
Fáðu Vísi í símann og iPad!

## MEIRI FRÓÐLEIKUR



Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísi. **VISIR.IS**

# GLEÐILEGT HEILSUÁR!

Nýtt ár er framundan og það er upplagt að setja sér markmið að leggja af stað til bættrar heilsu. Í Baðhúsinu finnur þú hreyfingu við þitt hæfi og fyrir aðeins 5.990\* kr. á mánuði hefur þú aðgang að öllum tímum, jafnt opnum tímum sem lokuðum námskeiðum. Nánari upplýsingar á [www.badhusid.is/kk](http://www.badhusid.is/kk)



BADHÚSIÐ  
[www.badhusid.is](http://www.badhusid.is)  
Sími 515 1900